

Fimmtudaginn 23. febrúar 1989.

Nr. 218/1987. **Iðunn Björnsdóttir**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

og

Sigríður Ólafsdóttir Seager

(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

Péttri Björnssyni

(Hákon Árnason hrl.)

Erfðaskrá. Arfleiðsluhæfi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. júlí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. júní 1987.

Áfrýjandinn Iðunn Björnsdóttir gerir þær dómkröfur að erfðaskrá Eddu Björnsdóttur frá 3. apríl 1978 verði metin ógild og stefndi dæmdur til að greiða henni málskostnað allan bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Sigríður Ólafsdóttir Seager gerir sömu dómkröfur en auk þess gerir hún þá varakröfu að málskostnaður verði felldur niður á báðum dómstigum.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjendur hafa lagt fram í Hæstarétti eftirtalin ný skjöl: bréf Högna Óskarssonar geðlæknis til áfrýjandans Iðunnar Björnsdóttur, dagsett 15. febrúar 1988, ásamt útdrætti úr sjúkraskýrslum Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn varðandi Eddu Björnsdóttur, sérfræðilegt álit geðlæknisins með greinargerð og lýsingu á lífsferli hennar. Í hinu sérfræðilega áliti geðlæknisins segir m.a. svo:

„Í upphafi verður að hafa í huga, að áður en Edda veiktist, þá hafði hún lokið gagnfræðaprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík,

dvalið erlendis á skóla og síðan unnið í banka. Í kjölfar aðgerðanna, geislameðferða og annarrar meðferðar, varð meginbreyting á andlegri getu, hegðun og félagslegri hæfni, þannig að hún gat ekki axlað ábyrgð sem fullorðin manneskja í okkar þjóðfélagi. Þarfnandi er hún verndunar og stuðnings í vaxandi mæli allt til dauða.

Einkenni voru f.o.f. frá lobus frontalis, sem leiddu til versnandi stjórnunar tilfinninga, vaxandi dómgreindarleysis og nærminnis-skerðingar, úthalds- og einbeitingarleysis, vaxandi vanhæfni til að skynja hlutina nema í sinni einföldustu mynd og þ.a.l. vanhæfni til að setja upp fyrir sér og velja á milli valkosta, greina mál í smærri þætti og finna lausnir á skipulegan hátt. Eins kom fram vanhæfni til að átta sig á nýjum fróðleik og aðstæðum og ná tókum á þeim. Ákvarðanir urðu því oft óyfirvegaðar og hvatvíslegar, og vegna skerðingar á nærminni hafði hún alls ekki forsendur til að geta endurskoðað fyrri ákvarðanir eða aðlaga þær breyttum aðstæðum, því hún hlaut að gleyma þeim fljótt, nema hún væri minnt á þær. Má sem dæmi nefna, að hún virðist aldrei hafa rætt erfðaskrármálin eftir að hún gekk frá þeim, hvorki við ættingja né kunn- ingja.

Einkenni þessi fóru versnandi með árunum, en þeim er lýst nánar í greinargerð og í samantekt undirritaðs á lífsferli og heilsufari Eddu og svo í útdrætti úr sjúkraskýrslum Rigshospitalet í Kaupmanna- höfn.

Niðurstaða undirritaðs er því sú, að Edda Björnsdóttir hljóti að hafa verið ófær um að ráðstafa hlutabréfum sínum í erfðaskrá, a.m.k. frá árinu 1968 og til dauðadags, þannig að ákvæðum erfðalaga væri fullnægt.“

II.

Af hálfu stefnda hefur verið lagt fram nýtt skjal, viðbótargreinar- gerð Tómasar Zoëga geðlæknis við fyrri greinargerð hans frá 12. september 1986 um heilsufar Eddu Björnsdóttur, andlegt ástand hennar og hæfni til að gera erfðaskrá í apríl 1978. Er hin nýja greinargerð dagsett 19. maí 1988 og kemur þar fram að hún er sam- in að beiðni lögmanns stefnda í tilefni af greinargerð Högna Óskars- sonar. Óskaði lögmaðurinn þess að geðlæknirinn gerði athuga- semdir við greinargerð Högna og að hann athugaði sjúkraskýrslur Eddu Björnsdóttur í þau skipti er hún lá á Ríkisspítalanum í

Kaupmannahöfn á árabílinu 1953 - 1964. Í niðurstöðukafla hinnar nýju greinargerðar sinnar segir Tómas Zoëga m.a. svo:

„Edda Björnsdóttir var veik árum saman og lést fyrir aldur fram. Að sjálfsgöðu hafa hin miklu veikindi sett sitt mark á hana og meðferðin hefur haft sín áhrif.

Athyglisvert er að ítarlegar sálfræðiathuganir gerðar á Eddu Björnsdóttur u.þ.b. 5 og 7 árum eftir að hún fékk geislameðferðina sýna að hún hefur haft góða greind og þá var eingöngu hægt að sýna fram á „meget let indprentnings- og retentionssviðt som de eneste tegn pa intellektuel dysfunktion.“ Þetta er sérstaklega áhuga-vert þar sem talið er að hámark klínískra áhrifa geislunar eigi sér stað þremur árum eftir geislun.

Undirritaður er ósammála Högna Óskarssyni lækni um að ein- kenni Eddu Björnsdóttur hafi stöðugt farið versnandi og eru þá lögð til grundvallar þau gögn sem fyrir liggja. Líðan Eddu Björnsdóttur virðist ekki versna fyrr en árið 1980 og þar á eftir og þá í tengslum við heilæxli það sem að lokum dró hana til dauða.“

Læknirinn vitnar síðan í fyrri greinargerð sína og segir að því loknu að þær upplýsingar, sem fram hafi komið í máli þessu síðan sú greinargerð var rituð, styrki fyrra álit hans. Að lokum segir læknirinn:

„Niðurstaða undirritaðs er sú að skv. þeim gögnum sem fyrir liggja, hafi Edda Björnsdóttir verið svo heil heilsu andlega hinn 3. apríl 1978 að hún hafi þá verið fullfær um að gera erfðaskrá, á skynsamlegan hátt.“

III.

Svo sem hér hefur verið rakið, svo og í hinum áfrýjaða úrskurði, liggja fyrir af hálfu aðila máls þessa greinargerðir sérfræðinga um sjúkrasögu Eddu Björnsdóttur og andlega heilsu hennar. Greinar- gerðirnar eru í meginatriðum byggðar á sjúkraskýrslum frá öðrum tímabilum en því sem hér skiptir máli, bæði á undan því og eftir. Draga sérfræðingarnir síðan ályktanir af þessum gögnum og dóm- skýrslum málsaðila og vitna um andlegt ástand Eddu á árinu 1978, þegar hún gerði erfðaskrá sína. Skiptast niðurstöður sérfræðing- anna í tvö horn, svo sem rakið hefur verið. Hvað sem því líður hafa greinargerðir þessar að geyma ítarlegar frásagnir af sjúkrasögu Eddu og yfirlit yfir helstu læknisfræðileg sjónarmið, sem hér koma

til álita. Ágreiningsefni málsins er þannig vaxið að eðlilegra hefði verið að aðilar hlutuðust sameiginlega til um dómkvaðningu sérfræðinga í stað þess að afla læknisfræðilegra álitsgerða hvor í sínu lagi og láta við það sitja, þótt niðurstöður álitsgerðanna væru ósamhljóða. Við málflytning hér fyrir dómi voru lögmennt aðila inntir eftir viðhorfi sínu til þess að leggja málið fyrir lækningar til umsagnar. Lýstu þeir því yfir að þeir sæju þess ekki þörf.

IV.

Erfðaskrá sú, sem hér er til meðferðar, fullnægir formskilyrðum 40. gr., sbr. 43. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og er fallist á niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar um gildi vottorðs notarii publici og þýðingu þess fyrir sönnunarstöðu í máli þessu, sbr. 1. mgr. 46. gr. erfðalaga og 158. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

V.

Um aðdraganda að gerð hinnar umdeildu erfðaskrár eru fáar upplýsingar í málinu. Af framburði Ingibjargar Guðmundsdóttur og skýrslu stefnda má ráða að Edda Björnsdóttir gerði erfðaskrá á árinu 1977, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði. Samkvæmt framburði Ingibjargar gekk sú erfðaskrá í sömu átt og hin síðari. Ekki er í ljós leitt hver samdi eða skráði erfðaskrána frá 3. apríl 1978. Aftur á móti er ljóst að Edda hefur sýnt í verki ákveðinn vilja sinn til að ganga réttilega frá henni. Fullyrðing áfrýjenda um frumkvæði stefnda að gerð erfðaskrárinnar skortir næga stöð í gögnum málsins. Áfrýjendur vísa til máls, sem komið hafi til athugunar innan Vífilfells hf. á árinu 1977 um ætlaða vafasama fjármálameðferð eiginmanns áfrýjanda Iðunnar Björnsdóttur í fyrirtækinu. Er því haldið fram að stefndi hafi hagnýtt sér það í því skyni að fá Eddu til að snúast gegn áfrýjendum og gera erfðaskrá sér í hag. Af hálfu stefnda er talið að þetta mál kunnir að hafa haft áhrif á ákvörðun Eddu og leitt til þess að hún missti traust á mági sínum, sem var framkvæmdastjóri Vífilfells hf., en stefndi hafi ekki haft nein áhrif á hana í þessum efnum. Gegn mótmælum hans og með hliðsjón af gögnum málsins þykir ekki unnt að leggja fullyrðingar áfrýjenda um þessi efni til grundvallar.

Af þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, er ljóst að sjúkdómur Eddu Björnsdóttur og lækniaðgerðir á höfði hennar á yngri árum hafa haft veruleg áhrif á þroska hennar, líkamlegan og andlegan. Lýsingar á Eddu eru hins vegar nokkuð ósamhljóða, svo og ályktanir um andlega heilsu hennar á árinu 1978, þegar erfðaskráin var gerð. Frásagnir, skýrslur og álitsgerðir um þetta eru raktar í hinum áfrýjaða úrskurði og í I. og II. kafla hér að framan.

Edda Björnsdóttir lauk námi í Kvennaskólanum í Reykjavík. Samkvæmt sálfræðiprófi, er fram fór í Kaupmannahöfn 1958, hafði hún þá góða meðalgreind. Minni hennar varð stopult er á leið, einkum skammtímaminni. Hún vann lítið almenn störf hin síðari ár en naut þá framfærslueyris frá fyrirtækjum fjölskyldunnar. Eftir fráfall móður sinnar á árinu 1968 virðist hún að einhverju leyti hafa séð um heimilishald fyrir föður sinn og bróður. Faðir hennar lést á árinu 1974 en Ólafur bróðir hennar 1977. Að þeim látnum bjó hún ein í stóru húsi fjölskyldunnar og virðist að flestu eða öllu leyti hafa verið sjálfs sín ráðandi. Fór hún allra ferða sinna og tókst ein á hendur ferðir til útlanda. Hún hafði bifreiðar til afnota um árabíl og ók m.a. föður sínum síðustu ár ævi hans. Ekkert liggur fyrir um að í fari hennar hafi gætt alvarlegs dómgreindarskorts á þeim tíma sem hér skiptir máli, til dæmis að því er varðar meðferð fjármuna. Í erfðayfirlýsingu föður hennar, dagsettri 15. febrúar 1969, lét hann í ljós áhyggjur um framtíð hennar vegna sjúkdóms hennar. Hann gerði þó engar ráðstafanir til að hefta forræði Eddu á arfshluta hennar, svo sem gert hafði verið gagnvart Ólafi bróður hennar í erfðaskrá foreldra þeirra frá 2. mars 1963. Enda þótt fram komi hjá nokkrum vitnum að Edda hafi verið barnaleg og áhrifagjörn kemur og víða fram að hún gat haft ákveðinn vilja og fastmótaðar skoðanir. Verður ekki annað séð en að hún hafi verið sjálfstæð í sínu daglega lífi og hvorki látið stjórnast af öðrum né verið einum háð öðrum fremur. Líf hennar tengdist samt augsýnilega mjög fjölskyldunni og fyrirtækjum hennar.

VII.

Þegar framanskráð er virt og hliðsjón höfð af áliti hinna sérfróðu meðdómenda í héraði á andlegu atgervi Eddu Björnsdóttur, brestur

fullnægjandi rök fyrir því að svo verði litið á að hún hafi við gerð erfðaskrárinnar 3. apríl 1978 ekki haft næga greind til að taka þá ákvörðun, sem í erfðaskránni fólst, og gera sér viðhlítandi grein fyrir þýðingu hennar þrátt fyrir skerta andlega heilsu og þótt um væri að ræða veigamikla ráðstöfun hlutabréfa, er voru miklum mun verðmætari en nafnverð þeirra gaf til kynna. Eru þá meðal annars höfð í huga náin tengsl hennar um langa hríð við fyrirtæki fjölskyldunnar og þátttaka hennar í stjórn þeirra um árabíl. Miðað við aðstæður allar verður ráðstöfun hennar með erfðaskránni og ekki talin þess eðlis að hún hafi verið óeðlileg eða óskynsamleg. Með vísan til þess sem áður var rakið í V. og VI. kafla telst ósannað að Edda hafi verið sérstaklega háð stefnda, að hann hafi hagnýtt sér skerta andlega heilsu hennar eða að atvik séu að öðru leyti með þeim hætti að ákvæði 37. eða 38. gr. erfðalaga eigi hér við. Samkvæmt því verður að telja erfðaskrána fullnægja ákvæðum 34. gr. laganna og meta hana gilda. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt þykir eftir atvikum öllum að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara.

I.

Ég er sammála því sem segir í IV. kafla atkvæðis meirihluta dómara um það að erfðaskrá Eddu heitinnar Björnsdóttur fullnægi formaskilyrðum 40. gr. erfðalaga nr. 8/1962 og að á áfrýjendum hvíli sönnunarbyrði um þá staðhæfingu að Edda hafi vegna andlegrar skerðingar ekki verið hæf til að gera þá erfðaskrá er hún gerði 3. apríl 1978, og að notarius publicus hafi ekki getað gert sér grein fyrir þeirri staðreynd.

Þá er ég einnig sammála því sem segir í III. kafla atkvæðis meirihluta dómara um það að eðlilegra hefði verið fyrir aðila að hlutast sameiginlega til um dómkvaðningu sérfræðinga í stað þess að afla

læknisfræðilegra álitsgerða hvor í sínu lagi, en með hliðsjón af málflutningi aðila er ekki ástæða til að leggja málið fyrir Læknaráð til umsagnar.

II.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi gekkst Edda Björnsdóttir undir fimm höfuðaðgerðir á árunum 1953 - 1964, þar af tvær á heiladingli, og tvær aðgerðir vegna heilæxla árin 1981 og 1982. Þá er því og lýst að Edda fékk óvenju mikla röntgengeislun á fyrra tímabilinu. Í krufningsskýrslu segir að skemmdir séu í hægri lobus frontalis, sem vafalaust meggi rekja til fyrri aðgerða á heiladingli. Í álitsgerð Sverris Bergmanns læknis segir að frekari skemmdir vegna aðgerða á árunum 1953 - 1964 séu líklegar, en hafi horfið samfara róttækri aðgerð á æxli því sem í ljós kom árið 1981. Telur hann vafalítið að æxlið hafi verið byrjað að myndast fyrir 1978 og valdið truflunum fyrir þann tíma. Í krufningsskýrslu kemur einnig fram að í heilayfirborði hafi sést mikil þrýstingseinkenni, og sneiðar frá stóra heila hafi sýnt mikla fyrirferðaraukningu vinstra heilahvels og aflögun á hólfakerfi heilans. Í greinargerð Högna Óskarssonar geðlæknis, sem vikið er að í atkvæði meirihluta dómara, er lýst eyðileggjandi áhrifum geislameðferðar á heilavef og bent á að geislameðferð sú, sem Edda fékk með ófullkomnum tækjum er ekki gerðu mögulegt að hlífa svæðum utan við æxlissvæðið sjálft, hafi óhjákvæmilega miklar skemmdir í för með sér.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi ber sérfræðingum ekki saman um andlega heilbrigði Eddu Björnsdóttur, en af skýrslum þeirra og vitnisburði svo og vætti annarra lækna má ráða að andlegt hæfi hennar hafi verið mjög skert. Óskar Þórðarson, sem var læknir Eddu frá 1953 til 1970, bar fyrir rétti að hún hefði hvorki náð andlegum né líkamlegum þroska er hann sá hana fyrst, hún hafi verið „infantíl“ líkamlega og eins og 10-12 ára barn á andlega sviðinu og þetta hafi eiginlega ekki breyst. Guðjón Lárusson, sem var læknir Eddu frá 1976, bar fyrir rétti að hann teldi að hún hefði verið andlega takmörkuð og „tilfinningalega mjög viðkvæm og óstabil“. Taldi Guðjón að Edda hafi verið ófær um að taka ákvarðanir um þvílíka fjármuni sem erfðaskrá hennar fjallar um.

III.

Þegar meta skal arfleiðsluhæfi, þá verður að fara fram heildstætt mat á öllum aðstæðum við gerð erfðaskrárinnar. Auk efnis erfðaskrárinnar verður að taka mið af því hvað liggi að baki hennar, hvort arfleifandi hafi skilið afleiðingar hennar og hver átt hafi frumkvæðið að gerð hennar.

Í máli þessu er upplýst að á árinu 1978 var Edda Björnsdóttir ófær um að sjá sér farborða og var mjög skert andlega og félagslega. Í málinu hefur ekkert komið fram um það hver samdi eða skráði hina umdeildu erfðaskrá. Fram er komið að Edda hafi gert erfðaskrá svipaðs efnis árið 1977. Við lát Eddu fannst ekkert afrit af erfðaskránum á heimili hennar. Samkvæmt framburði stefnda afhenti Edda honum báðar erfðaskrárnar. Kveðst hann hafa týnt þeirri fyrri en varðveitt hina síðari. Erfðaskráin var gerð eingöngu til hagsbóta fyrir stefnda. Á þeim tíma sem erfðaskráin var gerð var Edda daglegur gestur á skrifstofu fyrirtækisins og fylgdist með umræðum um rannsókn innan fyrirtækisins á meintu misferli mágs hennar. Hefur stefndi viðurkennt að mál þetta kunni að hafa haft áhrif á erfðaskrárgerð Eddu, og af framburði vitna virðist vera ljóst að svo hafi verið. Í málinu liggur ekki annað fyrir en að samband Eddu við systkini sín hafi verið gott og ekkert sem bendir til þess að kastast hafi í kekki milli hennar og áfrýjenda. Af framburði vitna má ráða að Edda hafi verið áhrifagjörn. Framburð stefnda þess efnis að hann hafi engin áhrif haft á ákvörðun Eddu verður að meta í ljósi þess að hann hefur augljósa hagsmuni af því að erfðaskráin verði metin gild.

Með hliðsjón af því sem að framan segir um andlegt hæfi Eddu Björnsdóttur þykir ólíklegt að hún hafi haft skilning á efni erfðaskrárinnar og þeim afleiðingum sem hún hefði í för með sér. Með erfðaskránni ráðstafaði Edda hlutabréfum og er ósennilegt að hún hafi getað gert sér grein fyrir verðmæti þeirra og innbyrðis skiptingu og séð hlutina í því samhengi sem þarf til að taka skynsamlega ákvörðun.

IV.

Samkvæmt framansögðu tel ég svo mikinn vafa leika á því að Edda Björnsdóttir hafi verið hæf til að gera erfðaskrá á skynsam-

legan hátt hinn 3. apríl 1978 að ekki verði hjá því komist að ógilda hana.

Eftir öllum atvikum tel ég rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Erfðaskrá Eddu Björnsdóttur frá 3. apríl 1978 er ógild.
Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 26. nóvember 1986.

I

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 30. október 1986. Meðferð málsins var endurupptekin fyrr í dag og þá lagt fram eitt nýtt dómskjal. Reifuðu lögmennt málsaðilja nokkur sjónarmið í því sambandi og var málið síðan að nýju tekið til úrskurðar.

Tildrög máls þessa eru þau að hinn 6. nóvember 1982 lést Edda Björnsdóttir, nafnúmer 1658-2573, sem síðast átti lögheimili að Hringbraut 10 í Reykjavík. Látna var ekki í hjúskap er hún lést. Lögerfingjar hennar eru Pétur Björnsson, Mávanesi 6, Garðakaupstað, Iðunn Björnsdóttir, Einimel 7, Reykjavík, og Sigríður Ólafsdóttir Seager, búsett í Mountain View, California, Bandaríkjum Norður-Ameríku. Tvö hin fyrrnefndu eru systkin hinnar látnu, en Sigríður er dóttir Ólafs Björnssonar, sem var bróðir látnu en féll frá á undan henni. Erfingjarnir sóttu sameiginlega um leyfi til að skipta dánarbúi Eddu Björnsdóttur einkaskiptum og gaf skiptaráðandinn í Reykjavík þeim út leyfi þar að lútandi hinn 29. mars 1983. Með erfingjum reis síðar ágreiningur um skiptin vegna erfðaskrár sem látna hafði undirritað í viðurvist notarii publici í Reykjavík hinn 3. apríl 1978 og lögð var fram á fyrsta fundi erfingjanna um skiptin. Vefengdu erfingjarnir Iðunn Björnsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir Seager gildi skrárinnar. Ekki tókust sættir með erfingjunum um þennan ágreining og var honum vísað til skiptaréttar Reykjavíkur samkvæmt heimild í 75. gr. skiptalaga nr. 3/1878, en erfingjarnir héldu áfram einkaskiptum á búinu að öðru leyti. Var ágreiningsefni þetta fyrst tekið fyrir í réttinum hinn 29. febrúar 1984 og þá ákveðinn rekstur máls þessa, sem var fyrst tekið fyrir hinn 4. apríl 1984.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir, Einimel 7, Reykjavík, krefst þess að erfðaskrá Eddu Björnsdóttur dagsett 3. apríl 1978 verði metin ógild. Einnig krefst hún málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða mati dómsins.

Sóknaraðilinn Sigríður Ólafsdóttir Seager, til heimilis í Mountain View,

California, Bandaríkjum Norður-Ameríku, krefst þess að erfðaskrá Eddu Björnsdóttur frá 3. apríl 1978 verði metin ógild og að viðurkenndur verði réttur sinn til að fá úthlutað einum þriðja hluta þeirra eigna dánarbúsins sem ráðstafað var með hinni umdeildu erfðaskrá. Jafnframt krefst hún málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt mati réttarins.

Varnaraðili Pétur Björnsson, Mávanesi 6, Garðakaupstað, krefst þess að kröfum sóknaraðiljanna verði hrundið og erfðaskrá Eddu Björnsdóttur frá 3. apríl 1978 metin gild. Ennfremur krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II

Erfðaskrá sú, sem um er deilt í máli þessu, er svohljóðandi:

„Reykjavík 3/4 1978.

ERFÐASKRÁ

Ég undirrituð, Edda Björnsdóttir, Hringbraut 10 Reykjavík, geri hér erfðaskrá mína, eins og eftirfarandi:

Að mér látinni, arfleiði ég bróður minn, Pétur Björnsson, Mávanesi 6, Garðabæ, að öllum hlutabréfum mínum í fyrirtækinu Björn Ólafsson h/f, Reykjavík og fyrirtækinu Verksmiðjan Vífilfell h/f, Reykjavík einnig fyrirtækinu Þórður Sveinsson og Co., Reykjavík.

Framangreinda erfðaskrá geri ég með fullum vilja og í eðlilegu andlegu ástandi með vitund votta.

Reykjavík 3/4 1978.

Edda Björnsdóttir.“

Á erfðaskrá þessa hefur verið ritað svofellt vottorð notarii publici í Reykjavík:

„Ár 1978, mánudaginn 3. apríl var ég undirritaður fulltrúi notarii publici í Reykjavík til staðar í skrifstofu minni í Skólavörðustíg 11 hér í borg. Kom þar og þá fyrir mig Edda Björnsdóttir, Hringbraut 10, Reykjavík og sannaði á sér deili. Lagði hún fram og undirritaði í minni viðurvist og notarialvottanna ofanritaða arfleiðsluskrá sem dagsett er í dag. Gerði hún þar (sic) af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði og kvað skrána hafa vilja sinn að geyma.

Notarialvottar voru þær Birna Elísdóttir og Margrét Kristjánsdóttir sem báðar starfa hér við embættið.

Reykjavík 3. apríl 1978.

Jónas Thoroddsen ftr. (sign.)

Borgarfógetaembættið í

Reykjavík (embættisstimpill).

Notarialvottar:

Margrét Kristjánsdóttir (sign.)

Birna Elísdóttir (sign.)“

Undir rekstri málsins hefur varnaraðili skýrt frá því að Edda Björnsdóttir hafi á árinu 1977 gert erfðaskrá þar sem hún ánafnaði honum þau hlutabréf sem þessi erfðaskrá tekur til. Kvaðst hann hafa séð þessa skrá og hefði Edda falið sér hana til varðveislu. Kvaðst hann ekki geta fullyrt hvort þessi skrá væri enn til, en hann hefði ekki fundið hana í sínum plöggum. Síðar hafi Edda svo komið til sín með frumrit þeirrar erfðaskrár sem mál þetta varðar og falið sér til varðveislu.

Verða framburðir aðilja og vitna um þetta atriði raktir nánar í kafla VI hér á eftir.

Rétt þykir að reifa hér hvernig hlutafjäreign í umræddum félögum skipt-ist milli hluthafa á þeim tíma er Edda Björnsdóttir undirritaði erfðaskrá þá sem um er deilt í máli þessu. Samkvæmt yfirlýsingu málsaðilja var sú skipting sem hér segir:

A. VERKSMÍÐJAN VÍFILFELL HF.

Björn Ólafsson hf.	47,03%
Guðrún Guðmundsdóttir	13,86%
Örn Þór	4,95%
Þórður Sveinsson & Co. hf.	8,09%
Iðunn Björnsdóttir	4,58%
Kristján Kjartansson	0,50%
Edda Björnsdóttir	5,07%
Pétur Björnsson	5,07%
Sigríður Ólafsdóttir Seager	5,07%
Eigið hlutafé félagsins	5,78%

Í sambandi við þessa skiptingu skal tekið fram að ekki er óumdeilt hvort Örn Þór hafi á þessum tíma átt þau hlutabréf sem þarna er gert ráð fyrir eða hvort þau beri að telja sem eign Björns Ólafssonar hf.

B. BJÖRN ÓLAFSSON HF.

Iðunn Björnsdóttir	15,00%
Kristján Kjartansson	10,00%
Edda Björnsdóttir	25,00%
Pétur Björnsson	25,00%
Sigríður Ólafsdóttir Seager	25,00%

C. ÞÓRÐUR SVEINSSON & CO HF.

Björn Ólafsson hf.	40,90%
Guðrún Guðmundsdóttir	31,00%
Iðunn Björnsdóttir	4,50%
Kristján Kjartansson	1,00%
Edda Björnsdóttir	5,50%
Pétur Björnsson	5,50%
Sigríður Ólafsdóttir Seager	5,60%
Ingi Adolphsson	6,00%

Sú breyting hefur síðar orðið á hlutfjáreign í þessu félagi að félagið hefur keypt hlutabréf þau er Ingi Adolphsson átti.

Ekki hafa síðar orðið aðrar breytingar á hlutfjáreign í félögum þessum en að ofan eru greindar.

Auk hlutabréfa í framangreindum félögum átti Edda hlutabréf í einu félagi til viðbótar og hafði tekið þau hlutabréf að arfi eftir foreldra sína. Er þar um að ræða 1% hlutfjár í Hagafelli hf., Reykjavík, en Verksmiðjan Vífilfell hf. á 95% hlutfjár í því félagi.

Auk hlutfjáreignar í framangreindum eignum lét Edda Björnsdóttir eftir sig 1/4 í íbúðarhúsinu að Hringbraut 10 í Reykjavík og innbús-muni.

III.

Sóknaraðiljar hafa rekið málið hvor fyrir sig, enda um sjálfstæða aðild hvors þeirra að málinu að ræða. Með því að málsástæður þeirra eru hinar sömu, þótt málsatvikalýsing þeirra sé ekki í öllum atrið-um eins, þykir rétt að gera grein fyrir málsástæðum þeirra sameigin-lega.

Sóknaraðiljar byggja kröfur sína um, að erfðaskrá sú, sem um er deilt í málinu, verði metin ógild, á því annars vegar að Edda Björnsdóttir hafi

ekki verið svo heil heilsu andlega að hún hafi verið fær um að gera þá erfðaskrárráðstöfun, sem hún gerði hinn 3. apríl 1978, á skynsamlegan hátt. Er því haldið fram að veikindi, sem Edda heitin hafi átt við að stríða og lýst sé í gögnum málsins, hafi haft í för með sér þau áhrif á andlega heilsu hennar að hún hafi ekki verið fær um að gera sér grein fyrir þýðingu slíkrar ráðstöfunar.

Í greinargerð sóknaraðiljans Iðunnar, dskj. nr. 1, er skýrt svo frá veikindum Eddu heitinnar að um eða jafnvel fyrir fermingaraldur hafi tekið að bera á alvarlegum veikindum hennar, sem m.a. hafi lýst sér í skapofsaköstum, bakverk og höfuðverk. Eftir þetta hafi hún verið haldin þrálátum veikindum alla ævi. Hún hafi verið öryrki og ekkert getað unnið. Framan af hafi Edda leitað lækninga í Reykjavík án árangurs, en árið 1953 hafi verið farið með hana til Danmerkur til þekktis læknis. Eftir ítarlegar rannsóknir þar hafi komið í ljós að um var að ræða æxli afar djúpt inni í höfðinu. Í júní 1953 hafi læknir þessi framkvæmt uppskurð á höfði Eddu og sagt að því loknu að um hafi verið að ræða mjög stórt æxli sem hafi verið farið að þrýsta á sjóntaugar hennar og aðgerðin verið nauðsynleg til að bjarga lífi hennar. Uppskurður þessi hafi tekist vonum framar, og í framhaldi af honum hafi Edda verið í geislameðferð í Danmörku og höfuð hennar geislað 15 sinnum. Þá hafi hún og fengið lyfjameðferð og notað lyf samfellt það sem eftir var ævinnar. Í júní 1956 hafi Edda verið lögð inn á sjúkrahús í Bandaríkjunum og gengist þar undir ítarlega rannsókn. Hafi hún skrifað um þær rannsóknir í bréfi hinn 29. júní 1956, að læknirinn hafi sagt að hér væri um að ræða „typískt dæmi“ þess að heiladingullinn starfaði ekki rétt. Ekki hafi heilsuhagur Eddu lagast eftir þetta og í september 1958 hafi hún verið til lækninga í Danmörku og þá verið framkvæmdur uppskurður á höfði hennar. Hafi þá verið um að ræða „leka“ milli heila og nefis, sem þurft hafi að stöðva. Það hafi þó ekki tekist. Enn hafi Edda verið til lækninga í Danmörku í október 1960 og hún þá gengist undir skurðaðgerð. Annaðhvort í þeirri aðgerð eða í uppskurðinum 1958 hafi heiladingullinn verið fjarlægður eða á honum gerð meiri háttar aðgerð. Árið 1964 hafi verið framkvæmd á henni aðgerð í Danmörku til að reyna að stöðva fyrrgreindan „leka“, sem álitíð hafi verið að stafaði af sköddun á heilahimnunnni. Allan þann tíma, er hér um ræðir, hafi Edda tekið lyf til að bæta hormónastarfsemi líkamans, sem aldrei hafi verið eðlileg. Eftir uppskurðinn árið 1964 hafi Edda stundum fengið krampa og fengið krampalyf hjá læknum sínum í Danmörku og hér á landi. Hafi krampi þessi verið afleiðing þeirra veikinda sem hér var lýst. Eftir þetta hafi Edda búið á heimili foreldra sinna og eftir lát þeirra hafi hún búið í húsi þeirra í Reykjavík til andláts síns. Faðir Eddu hafi verið aðalhluthafi

í Verksmiðjunni Vífilfelli hf., Reykjavík, og hafi skrifstofa þess félags annast fjármál Eddu að mestu.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir heldur því fram að frá 1964 og síðar hafi Edda heitin oft komið þannig fyrir sjónir sem hún væri ekki með réttu ráði. Hafi þeir, sem við hana ræddu, talið að hún væri ekki allsgáð og að hún hlyti að nota áfengi eða önnur eiturlyf. Svo hafi þó ekki verið, heldur hafi sjúkdómur hennar, þ.e. heilaskemmdirnar, birst með þessum hætti. Það hafi þó verið misjafnt eftir ástandi hennar á hverjum tíma hvernig hún hafi komið fyrir, og stundum hafi einkenni sjúkdóms hennar ekki komið svo skýrt fram að ókunnugir tækju strax eftir því að hún væri ekki heil heilsu andlega. Andlegur þroski hennar hafi, að því er virtist, stöðvast er hún var um það bil 14 ára, og eftir það hafi henni hrakað en ekki batnað. Hún hafi ekki getað haldið skýrri hugsun og ekki komið frá sér heillegri hugsun síðustu 10 til 15 árin. Hún hafi haft slæmt minni og veikindi hennar komið glöggf fram þegar hún talaði. Á umræddu tímabili hafi það komið fyrir að hún missti meðvitund fyrirvaralaust. Tvívegis hafi hún farið á heilsuhæli í Danmörku á árunum 1976 og 1977, en þó ekki til eiginlegrar lækni meðferðar. Enn ein afleiðing sjúkdóms hennar hafi verið sú að hendur hennar hafi tekið að kreppast, og hafi læknar sagt það vera afleiðingu höfuðæxlisins.

Sóknaraðilinn Iðunn bendir í þessu sambandi á að í erfðaskrá föður Eddu, sem hann gerði árið 1969, sbr. dskj. nr. 5, sé að finna greinargóða lýsingu á ástandi Eddu. Þar segi hann Eddu hafa þurft að þola langa sjúkdómsreynslu, hún sé öryrki að einhverju leyti, hún geti ekki talist fær um að sjá sér farborða, hún þurfi á hjálp að halda þegar foreldrarnir falli frá, og að henni þurfi að útvega heimili eða dvalarstað. Sé því síðan beint til systkina Eddu að þau veiti henni hjálp í þessum efnum. Í þessu sambandi verði að hafa í huga að þessi lýsing sé frá árinu 1969, en eftir það hafi andlegri heilsu Eddu Björnsdóttur farið hrakandi.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir heldur því fram að heilsu Eddu hafi farið hrakandi, og 2. desember 1981 hafi hún gengist undir uppskurð á Borgarspítalanum eftir að æxli hafi brotist út á öðrum stað í höfði hennar. Kunni að vera að hún hafi verið haldin krabbameini í höfði og/eða afleiðingum af of mikilli geislameðferð frá upphafstíma lækni meðferðar. Edda hafi svo verið skorin upp aftur á Borgarspítala í mars 1982 og fyrirhuguð hafi verið ný aðgerð í maí það ár, sem ekki muni hafa verið framkvæmd.

Í greinargerð sóknaraðiljans Sigríðar Ólafsdóttur Seager er því haldið fram að skoða verði áðurgreint erfðaskrárákvæði Björns Ólafssonar í ljósi þess að sjúkrasaga Eddu heitinnar hafi þá verið samfelld í tvo áratugi

og hún þá þegar gengist undir að minnsta kosti fjórar heilaskurðaðgerðir, sennilega fjörutíu sinnum fengið röntgenmeðferð og auk þess verið á stöðugri lyfjameðferð allan þennan tíma. Foreldrum hennar hafi verið ljóst að hún ætti enga batavon og að þrátt fyrir góða greind hennar í bernsku og velgengni í skóla færi andlegt hæfi hennar þverrandi. Hafi þau lagt áherslu á það við systkin hennar að þau gættu umburðarlyndis í umgengni við hana því að þroski hennar og hæfi væri á við 13 ára barn og færi þverrandi. Séu þessar aðstæður skýringin að baki áður-greindu ákvæði í erfðaskrá Björns Ólafssonar. Í því sambandi benda sóknaraðiljar á að samkvæmt 1. mgr. 34. gr. erfðalaga hafi menn ekki heimild til að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá fyrr en þeir hafi náð 18 ára aldri. Þetta aldursskilyrði sé sett í lögina vegna þess að lög-gjafinn telji að menn verði að hafa náð „normalþroska“ 18 ára manns ef þeir eigi að fá að gera slíkar ráðstafanir.

Sóknaraðiljar telja að meta beri hina umdeildu erfðaskrá ógilda á grundvelli 2. mgr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962, er mæli svo fyrir að því aðeins skuli meta erfðaskrá gilda að sá, sem hana hefur gert, hafi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt. Í því sambandi halda sóknaraðiljar því fram að til þess að erfðaskrá verði metin gild verði að liggja fyrir fullgild sönnun um að arfleiddandi hafi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið fær um að gera slíka skrá á skynsamlegan hátt. Leggja sóknaraðiljar á það áherslu að við hæfismatið verði að miða við efni viðkomandi erfðaskrár, þ.e. að mat á arfleiddsluhæfi sé að þessu leyti afstætt eftir því hvort efni erfðaskrár sé flókið eða einfalt. Í því tilviki, sem hér um ræðir, sé um að ræða ráðstöfun á hlutabréfum sem séu áþreifanleg verðmæti, ávísun á eignarhlutdeild í félögum, en ekki ráðstöfun á einföldum áþreifanlegum hlutum, og verði í slíkum tilvikum að gera ríkari kröfur um sönnun varðandi andlegt hæfi til skilnings á ráðstöfuninni en ella. Í 2. mgr. 42. gr. erfðalaga sé að finna fyrirmæli um efni arfleiddsluvottorðs að þessu leyti, en í 43. gr. laganna sé vísað til þeirrar greinar um efnisatriði sem notarius skuli votta um þegar erfðaskrá er staðfest í hans viðurvist. Samkvæmt þessum lagafyrirmælum beri að taka skýrt fram í arfleiddsluvottorði hvort arfleiddandi hafi verið svo heill heilsu andlega að hann hafi verið fær um að gera slíka ráðstöfun á skynsamlegan hátt. Halda sóknaraðiljar því fram að notarialvottorðið á erfðaskrá þeirri, sem um er deilt í máli þessu, uppfylli ekki þessi skilyrði. Sóknaraðiljar benda á ákvæði 2. mgr. 45. gr. erfðalaga um sönnunarbyrði um andlega heilsu arfleiddanda í tilvikum þar sem arfleiddsluvottorði er áfátt, en samkvæmt því verði sá, sem vill byggja rétt á slíkri skrá, að sanna að arfleiddandi hafi uppfyllt hæfisskilyrði, ef gildi erfðaskrár er vefengt.

Sóknaraðiljar benda á að í 46. gr. erfðalaga sé að finna ákvæði um sönnunargildi notarialvottorðs á erfðaskrá og þar vísað til hins almenna ákvæðis 158. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 um vottorð embættismanna sem skipaðir eru til að framkvæma mat í embættisnafni. Í notarialvottorðinu á erfðaskránni á dskj. nr. 9 sé ekkert tekið fram um það að notarius telji arfleiddandann nægilega heilan heilsu andlega til að gera þessa tilteknu erfðaskrá. Vel megi vera að notarius hafi alls ekki talið arfleiddandann hæfan til þeirrar ráðstöfunar og þess vegna talið rétt að geta þess alls ekki. En jafnvel þótt viðkomandi notarius hefði að staðaldri notað sama orðalag í vottorðum sínum á erfðaskrár, geti það ekki haft þau áhrif í þessu máli að vottorðið verði talið hafa það innihald að notarius hafi metið Eddu Björnsdóttur andlega fullfæra um að gera hina umdeildu erfðaskrá. Um andlega heilsu hennar sé alls ekki fjallað í vottorðinu. Er því haldið fram að orðalagið „af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði“ nái eingöngu til þess að engri beinni þvingun hafi verið beitt í þessu sambandi og að arfleiddandi hafi ekki verið í neins konar vímu eða óráði er undirritun fór fram. Meði alls ekki leggja viðtækari merkingu í þetta orðalag. Þar sem notarialvottorðið fjalli ekki um andlegt hæfi Eddu til gerðar þessarar ráðstöfunar og erfðaskráin hafi verið rengd, hafi varnaraðili samkvæmt áðurreifuðum lagaákvæðum sönnunarbyrði um að hún hafi þrátt fyrir allt uppfyllt hæfiskilyrði 2. mgr. 34. gr. erfðalaga um andlega heilsu. Telja sóknaraðiljar að varnaraðilja hafi ekki tekist sú sönnun. Öll gögn málsins bendi hins vegar til þess að Edda hafi alls ekki verið hæf til að gera þá erfðaskrá sem um er deilt í málinu.

Sóknaraðiljar benda á að notarialvottorð geti aldrei haft viðtækara gildi en ákvæði 158. gr. laga nr. 85/1936 mæli fyrir um, en af því megi ráða að vottorðið verði ekki lagt til grundvallar ef notarius hafi ekki haft nægilega aðstöðu til að meta öll þau atriði sem áreiðanleiki matsins er undir kominn. Leiði þetta af niðurlagi nefnds lagaákvæðis. Sé aðiljum því heimilt að freista þess að hnekkja vottorðinu með gögnum sem sýni að notarius hafi alls ekki getað haft þá yfirsýn um andlegt hæfi Eddu Björnsdóttur sem nauðsynleg var til að gera sér grein fyrir því hvort hún væri hæf til þeirrar ráðstöfunar sem felist í hinni umdeildu erfðaskrá.

Þá var því einnig haldið fram við munnlegan málflutning af hálfu sóknaraðilja að það, sem fram hafi komið í vitnaleiðslum í málinu um framkvæmd notarialstaðfestingarinnar, eigi að leiða til þess að notarialvottorðið verði eigi lagt til grundvallar um hæfi Eddu Björnsdóttur til að gera erfðaskrá hinn 3. apríl 1978, en af því leiði einnig að varnaraðili hafi sönnunarbyrði um þau atriði sem notario er ætlað að votta að þessu leyti.

Í annan stað eru kröfur sóknaraðilja á því reistar að varnaraðili hafi fengið Eddu Björnsdóttur til að gera erfðaskrána frá 3. apríl 1978 með misneytingu. Er því haldið fram að varnaraðili hafi lagt að Eddu heitinni að arfleiða sig og notfært sér í því sambandi heilsufarsleg bágindi hennar á tímabili er hann gat haft úrslitaáhrif á fjárhagslega afkomu hennar. Vísu sóknaraðiljar í þessu sambandi einkum til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa og til laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o.fl.

Í greinargerð sóknaraðiljans Iðunnar er því haldið fram að Edda hafi skýrt eiginmanni Iðunnar frá því að varnaraðili sæktist mjög eftir því að Edda arfleiddi hann að hannyrðum sínum, en Edda hafi fengist mikið við hannyrðir. Þessi ummæli hennar hafi ekki verið tekin alvarlega. Á fundi erfingjanna hinn 30. maí 1983 hafi varnaraðili hins vegar skýrt meðerfingjum sínum að dánarbúi Eddu Björnsdóttur frá því að hann hafi fengið Eddu til að gera erfðaskrá árið 1977. Honum hefði hins vegar þótt öruggara að hafa erfðaskrána notarialstaðfesta, og því hefði hann látið Eddu gera aðra erfðaskrá árið 1978 og væri hún notarialstaðfest. Um líkt leyti hafi varnaraðili í raun nánast náð algerum yfirtökum á stjórn Verksmiðjunnar Vífilfells hf. og þannig ráðið því hvort Edda fengi framfærslueyri eða ekki og þá hvenær og hve mikinn. Sama hafi átt við um allan eyðslueyri hennar.

Í greinargerð sóknaraðiljans Sigríðar Ólafsdóttur Seager, dskj. nr. 6, er því lýst hvernig hún hafi sem einkaerfingi föður síns, Ólafs Björnssonar, tekið allan arf eftir hann. Ólafur hafi fallið frá 28. júlí 1977. Hafi varnaraðili eftir lát Ólafs fært það í tal við Eddu heitna að ótækt væri að hlutir í hlutafélögum fjölskyldunnar færu í hendur einhverra óþekktra persóna úti í Ameríku, auk þess sem óvíst væri að hún væri í raun dóttir Ólafs, og þar að auki væri búið að borga henni út sinn hlut. Hafi Edda virst trúá þessu. Þá hafi varnaraðili skömmu eftir lát Ólafs tekið að bera mág sinn, eiginmann sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur, sökum um vafasama meðferð á fé fyrirtækja fjölskyldunnar og með þeim hætti vakið trú Eddu Björnsdóttur á því að um misferli mágs hennar hafi verið að ræða. Er á það bent að svo virðist sem arfleiðsluskrá sú, sem um sé deilt í máli þessu, hafi verið gerð einmitt á sama tíma og skiptin á dánarbúi Ólafs Björnssonar fóru fram og þeim orðrómi verið komið á kreik að mágur Eddu, eiginmaður sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur, hefði misfarið með fé fyrirtækja fjölskyldunnar.

Af hálfu sóknaraðiljans Sigríðar Ólafsdóttur Seager er því haldið fram að varnaraðili hafi við ákveðið tækifæri á árinu 1984 skýrt svo frá að mágur hans hefði orðið uppvís að misferli með sjóði Verksmiðjunnar Vífilfells hf. og þess vegna hafi varnaraðilja verið færð meiri völd í félaginu og þess

vegna hafi Edda gert arfleiðsluskrána til þess að bréfin kæmust ekki undir umráð eða áhrif umrædds mágs hennar. Eins og andlegri og líkamlegri heilsu Eddu Björnsdóttur hafi verið háttað hafi verið eðlilegt að hún á þessum tíma teldi sig háða varnaraðilja um velferð sína, jafnframt því sem hún hafði beyg af valdi hans. Með vísan til þessa eigi ógildisreglur 7. gr. laga nr. 58/1960 auk 37. og 38. gr. erfðalaganna að valda ógildi erfðaskrárinnar.

IV

Af hálfu varnaraðilja eru kröfur reistar á því að þar sem Edda Björnsdóttir hafi ekki átt skylduerfingja hafi henni verið heimilt að ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá. Í erfðaskrá, er hún gerði í viðurvist fulltrúa notarii publici í Reykjavík hinn 3. apríl 1978, hafi hún ánafnað varnaraðilja öllum hlutabréfum sínum í tilteknum hlutafélögum. Erfðaskráin uppfylli öll gildisskilyrði erfðaskráa samkvæmt ákvæðum erfðalaga. Í notarialvottorði sé tekið fram að hún hafi gert skrána af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði og lýst því yfir að skráin hefði vilja hennar að geyma. Sé hér um að ræða fullnægjandi vottun þar til bærs embættismanns sem beri með sér að embættismaðurinn hafi talið arfleiðandann hæfan til að gera fullgilda erfðaráðstöfun með skynsamlegum hætti. Sé ekkert fram komið í málinu sem hnekki þessu mati viðkomandi embættismanns. Þar sem sóknaraðiljar rengi skrána hvíli á þeirra herðum sönnunarbyrði um staðhæfingar þeirra um vanhæfi arfleiðandans til að gera erfðaskráráðstöfun með skynsamlegum hætti. Sú sönnun hafi þeim ekki tekist. En jafnvel þótt rétturinn legði sönnunarbyrðina á varnaraðilja telur hann að fyrirbyggjandi gögn sanni að Edda Björnsdóttir hafi verið hæf til að gera þá erfðaráðstöfun, sem hún gerði hinn 3. apríl 1978, á skynsamlegan hátt.

Varnaraðili mótmælir því ekki að Edda Björnsdóttir hafi átt við veikindi að stríða en telur lýsingar sóknaraðilja á veikindum hennar, framkomu og ástandi stórkostlega ýktar og í mörgum atriðum ósannar. Fullyrðingum sóknaraðilja um, að veikindi hennar hafi verið slík að hún væri óhæf til að gera erfðaskrá á skynsamlegan hátt, sé því mótmælt sem röngum.

Varnaraðili bendir á að ekkert sé fram komið í málinu sem bendi til þess að efni erfðaskrárinnar sé óskynsamlegt. Þvert á móti telur hann efni skrárinnar, sem í alla staði sé einfalt í sinni gerð, bera því órækt vitni að arfleiðanda hafi verið ljóst hvað hún var að gera.

Varnaraðili mótmælir því sem rangri og tilhæfulausri aðdróttun að hann hafi fengið Eddu systur sína til að gera umrædda erfðaskrá með misneytingu. Þannig sé það ósatt að hann hafi fengið Eddu til að gera erfðaskrá árið 1977 og síðar látið hana gera aðra erfðaskrá árið 1978 vegna þess að sér hafi þótt öruggara að hafa erfðaskrána notarialstaðfesta. Allur málatil-

búnaður sóknaraðilja að þessu leyti sé ekki annað en getgátur sem enginn fótur sé fyrir.

Varnaraðili telur að ekki verði með réttu dregnar svo viðtækar ályktanir sem sóknaraðiljar geri um arfleiðsluhæfi Eddu Björnsdóttur af ummælum í erfðaskrá föður Eddu um andlega heilsu Eddu og verði hvorki á þeim orðum byggt í sambandi við kenningar þeirra um vanhæfi hennar í þessu tilliti né heldur á ummælum sem varnaraðili eigi að hafa viðhaft á skiptafundum eða í veislum og ranglega séu lögð honum í munn. Edda Björnsdóttir hafi ekki haft neina ástæðu til að hafa „beyg af valdi“ varnaraðilja. Hún hafi setið í stjórn hlutafélaga fjölskyldunnar og fylgst með málefnum þeirra. Hún hafi því vitað um þau atvik er varða eiginmann sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur og fjallað sé um í málsútlitun sóknaraðiljans Sigríðar Ólafsdóttur Seager. Hafi Edda Björnsdóttir því ekki þurft að láta segja sér neitt í því sambandi.

V

Í þessum þætti úrskurðarins þykir rétt að reifa helstu æviatriði Eddu Björnsdóttur, sem hér kunna að skipta máli, og rekja efni skriflegra sönnunargagna sem máli þykja skipta fyrir úrlausn ágreinings þess sem hér er um að ræða.

Edda Björnsdóttir var fædd 11. febrúar 1934. Að loknu barnaskólanámi stundaði hún nám við Kvennaskólann í Reykjavík og mun hún hafa lokið prófi þaðan árið 1951. Á unglingsárum fór að bera á veikindum hjá Eddu og eftir rannsóknir hér á landi var hún send utan til læknismeðferðar. Árið 1953 mun hún fyrst hafa verið lögð inn á Rigshospitalets Kirurgiske Afdeling í Kaupmannahöfn og annaðist hana þá þarlendur læknir, dr. E. Busch. Framkvæmdi hann uppskurð á höfði Eddu fjórum sinnum, fyrst árið 1953, næst árið 1957, síðan í mars 1958 og loks í september 1958. Liggja fyrir í skjölum málsins lýsingar læknisins á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeirri meðferð sem hún hlaut í framhaldi af þeim á sjúkrahúsinu, svo og ráðleggingar hans um lyfjameðferð Eddu til handa. Fram kemur að hún hefur leitað til dr. Busch í október 1959. Hún var enn til meðferðar á sama sjúkrahúsi, undir umsjón sama læknis, frá 25. október til 8. nóvember 1960, en þá var ekki talin ástæða til að framkvæma á henni skurðaðgerð. Enn var Edda lögð inn á sama sjúkrahús 5. september 1964 og var umsjónarlæknir hennar þá dr. K. Værnet. Var þá framkvæmd skurðaðgerð á höfði hennar og er henni lýst í skjölum málsins. Hún var á sjúkrahúsinu í þetta sinn til meðferðar til 17. október 1964.

Allt frá því fyrsta skurðaðgerðin var framkvæmd var Edda háð notkun lyfja sem bættu henni skort á tilteknum hormónum sem líkami hennar framleiddi ekki, og átti það rót að rekja til þess að heiladingullinn hafði

skemmst af völdum heilæxlis og því verið fjarlægður. Einnig er í gögnum um þessar aðgerðir lýst heilsufari hennar að öðru leyti, svo sem minnis-truflunum, sjónsviðsbreytingum, krampaköstum og miklum höfuðverkjum. Þá kemur þar fram að Edda hefur í framhaldi af aðgerðunum hjá dr. Busch fengið mikla röntgengeislameðferð. Ljóst er að hún mun hafa fengið milli 10.200 og 13.800 r, sem telja verður töluvert meiri geislun en notuð er nú á dögum, auk þess sem ætla má að tækjabúnaður á þessum tíma hafi verið mjög ófullkominn í samanburði við núverandi tækjakost. Kemur víða fram í málsskjölum að Edda hafi haft mjög mikla trú á dr. Busch sem lækni og eftir að hann hafi látið af störfum hafi hún oft neitað röntgenmeðferð og haldið því fram að dr. Busch hafi sagt henni að hún mætti ekki fá meiri röntgengeislun.

Í skýrslu um sjúkralegu Eddu Björnsdóttur í nóvember 1960 skrifar dr. Busch að sálfræðileg rannsókn hafi leitt í ljós að Edda væri vel greind. Segir þar m.a.: „Intellektuelt virker hun intakt og funktionsdygtig. Der er meget let indprentnings- og retentionssvigt som de eneste tegn paa intellektuel disfunktion.“

Í skýrslu dags. 29. október 1964 skrifar dr. K. Værnet um nýafstaðna sjúkralegu Eddu. Þar segir hann m.a.: „Objektivt: Som tidligere spinkel, bleg og infantil. Ret udtalt psykisk reduceret, klæbende, med noget euforisk præg.“ Ekkert bendir til að þessi ummæli séu byggð á sálfræðilegri rannsókn.

Allar aðgerðir á þessum tíma voru framkvæmdar af dr. E. Busch nema aðgerðin 1964 sem dr. K. Værnet framkvæmdi.

Aðgerðirnar 1953, 1957, í mars 1958 og í september 1958 voru framkvæmdar gegnum ennið hægra megin utantil. Í öllum tilvikum var um æxli í heiladingli að ræða. Eftir fyrri aðgerðina 1958 bar á mænuvökvaleka frá höfði, sem stoppaði af sjálfu sér, en seinni hluta ársins jókst hann mikið og var gert við það gegnum ennið í september 1958 jafnframt því sem þá var fjarlægt æxli er myndast hafði aftur. Aðgerðin 1964 var gerð gegnum nefið (sinus sphenoidalis og ethmoideus) og því ekki um heilaaðgerð að ræða í það skiptið.

Árið 1955 mun Edda Björnsdóttir hafa stofnað til hjúskapar, en hann mun þó aðeins hafa staðið skamma hríð og hún aðeins búið með eiginmanninum örfáa mánuði. Var hún ávallt til heimilis hjá foreldrum sínum meðan þeir lifðu, en eftir fráfall föður hennar bjó hún áfram á sama stað ásamt bróður sínum, Ólafi, sem lést 1977. Eftir það bjó Edda ein í húsinu og átti þar heimili til dauðadags. Svo virðist sem hún hafi eftir fráfall foreldranna séð um heimilishald fyrir sig og Ólaf bróður sinn meðan hann lifði, lengst af þó með aðkeyptri aðstoð.

Faðir Eddu, Björn Ólafsson, stofnaði ásamt fleirum iðnfyrirtækið Verk-

smiðjuna Vífilfell hf. og var hann aðalhluthafi þess og forstjóri frá stofnun til dauðadags. Í tengslum við þetta félag voru og stofnuð þrjú önnur hlutafélög sem getið var um í kafla II hér að framan. Edda mun hafa starfað í banka einhvern tíma á árunum fyrir 1960. Einnig mun hún hafa unnið eitthvað litils háttar á skrifstofu Verksmiðjunnar Vífilfells hf. við einföld störf, en aðiljum ber þó ekki saman um það hvaða störf hún gat unnið. Mun Edda ekki hafa starfað annars staðar utan heimilis eftir að þeirra veikinda varð vart sem áður voru rakin og áttu eftir að fylgja henni til æviloka. Hún var ávallt á launaskrá hjá þessu félagi og fékk frá því þá fjármuni sem hún þurfti til framfærslu sinnar og einkaneyslu.

Edda var listræn og handlagin og fékkst mikið við ýmiss konar handavinnu, hannyrðir, postulínsmálun og fleira. Ekki stundaði hún þetta þó í atvinnuskyni.

Faðir Eddu lifði móður hennar og sat eftir lát eiginkonu sinnar í óskiptu búi þar til hann sjálfur féll frá. Við skipti á dánarbúi hans skiptist hlutafjár-eign hans í umræddum hlutafélögum að jöfnu milli Eddu og systkina hennar. Átti Edda eftir það sæti í stjórnnum félaganna, en gögn málsins bera ekki með sér hver þátttaka hennar í raunverulegri stjórnun félaganna var í raun. Halda sóknaraðiljar því fram að kosning Eddu í stjórn hafi nánast verið formsatriði, en varnaraðili kveður hana hafa fylgst vel með rekstrinum og tekið þátt í stjórnarfundum eftir því sem hún hafði tök á hverju sinni. Óumdeilt er hins vegar að Edda kom mjög oft á skrifstofur Verksmiðjunnar Vífilfells hf., fékk sér þar kaffi með starfsfólkinu og spjallaði við það.

Hinn 10. júní 1972 var Edda Björnsdóttir lögð inn á Borgarspítalann í Reykjavík vegna slæmrar hálsbólgu. Segir í skýrslu Ólafs Eyjólfssonar lækni að Edda hafi kvartað um gigt, sérstaklega í hálsi og herðavöðvum. Hún taki tiltekin lyf daglega og auk þess krampalyf sem hún muni ekki hver séu. Ekki hafi borið á krömpum síðan 1953 og ekki á nefrennsli síðan 1960. Síðar í skýrslu þessari segir m.a.: „38 ára gömul kona í eðlilegum holdum, fólleit, veikindaleg, nokkuð dehydreruð. Sj. er ákaflega aum þegar við hana er komið og lætur illa þegar komið er við höfuðið á henni, en það er ekki fotofobi.“ Í þessari sjúkdómslegu fóru ekki fram neinar sérstakar rannsóknir á þeim þáttum í heilsufari Eddu Björnsdóttur sem máli skipta fyrir úrlausn þessa máls, en hún var útskrifuð af spítalanum 20. júní 1972.

Í febrúar 1976 lá Edda Björnsdóttir í 11 daga á lyflækningadeild Borgarspítalans í Reykjavík vegna lungnabólgu. Í læknskýrslu Gests Þorgeirssonar lækni um þá legu segir m.a.: „Sj. lá á Borgarspítalanum árið 1972. Síðan þá hefur sj. verið sæmileg til heilsunnar, kvartar helst um slappleika og magnleysi en engin sérstök einkenni frá líffærakerfum. Skoðun við

komu: Veikindaleg grannholda kona með fölan litarhátt, ekki cyanosis og ekki mæði.“

Hinn 17. júlí 1980 var Edda lögð inn á Landakotsspítala í Reykjavík. Beiðni um sjúkrahúsvist er dagsett 16. júlí 1980 og undirrituð af Guðjóni Lárussyni lækni. Á þann hluta eyðublaðsins sem ætlaður er til skýringar á nauðsyn sjúkrahúsvistar hefur læknirinn ritað: „Er að tærast upp.“ Samkvæmt sjúkraskrá spítalans, sem í þessu tilviki er rituð af Guðmundi Ásgeirssyni lækni, var sjúkdómur hennar greindur Pan-hypopituitarism (status post adenoma hypophyseos operata). Við innlögnina hefur verið tekin niður sjúkrasaga eftir Eddu sjálfri. Segir þar að hún hafi ávallt verið með höfuðverki og verið grönn, en undanfarna mánuði hafi hún verið að leggja af og höfuðverkurinn verið meiri en áður. Um skoðun sjúklingsins segir svo í skýrslu læknisins: „Þetta er mjög horuð kona, áberandi kraftlítill og talar mjög hægt, nánast drafandi. Hún er áttuð á stund og stað. Áberandi deformeruð höfuðkúpa eftir aðgerðir. Hún kveðst hafa gigt í fleiri ár og hún sé sít betri nú en áður. Sérstaklega óþægindi í fingrum hægri handar. Þar er hún reyndar með bólgna pip liði. Þá er hún einnig með að því er virðist byrjandi Dupuytren's contracturu í báðum lófum.“

Í þessari sjúkralegu var framkvæmd augnskoðun á Eddu. Framkvæmdi Friðbert Jónasson augnlæknir þá skoðun. Segir í skýrslu hans um þessa skoðun að Edda hafi haldið því stíft fram að ekki hafi verið gerð sjónsviðsþrófun hjá henni frá því hún kom heim eftir aðgerðir sem framkvæmdar voru í Kaupmannahöfn á sínum tíma. Um þessa augnskoðun segir síðan: „Við fundoscopiu sjást verulegar atrophiskar papillur báðum megin og er atrophian sérlega áberandi temporalt. Sjónsvið á Bjerrum screeni sýnir að hana vantar efri temp. quadrant báðum megin og neðri temp. quadrant inn að u.þ.b. 5 en hefur haldið að fullu nasal quadrant og eru þetta raunar dæmigerðar breytingar eftir þrýsting frá hypophysutumor á chiasma. Þess ber þó að geta að þessi mæling er að sjálfsögðu ekki nákvæm upp á gráðu því hún er ekki nógu cooperative nú í kvöld til þess. Niðurstaða: Þessi kona er með dæmigerðar sjónsviðsbreytingar eftir hypophysutumor en hvort um progress er að ræða get ég ekki sagt þar sem ég hef engin eldri sjónsvið til samanburðar en mér finnst kanski rétt að endurtaka þetta á næstu mánuðum. A.ö.l. er ekkert stórlega athugavert að sjá við augnskoðun.“

Hinn 24. júlí 1980 framkvæmdi John Benedikz læknir, sérfræðingur í taugalækningum, neurologiska skoðun á Eddu, sem þá lá enn á Landakotsspítala. Þykir rétt að taka greinargerð hans um þessa skoðun upp hér orðrétt:

„Spurning hér um recidiv. hypophysutumor.

Þegar hún var 21 árs greindist hjá henni hypophysutumor, var hún meðhöndluð næstu 2 ár á heroískan máta, hefur víst fengið 5 cranial aðgerðir

og auk þess allt að 30 episodur með geisla. Þessi lækningaferill á að hafa tekið eitthvað um 2-3 ár. Ég er ekki hissa eftir svona trauma að hennar minni sé ekki alveg nákvæmt þó er það furðulega gott.

Upp úr þessu, tímabil sem hún fékk epilepsy krampa, en þá hefur hún ekki fengið í fjöldamörg ár, man ekki hvað lengi. Segist ekki taka lyf vegna þessa. Frá þessari aðg. hefur hún auk þess haft höfuðverk sem hefur verið á hverjum degi alltaf versnað yfir daginn og er ekki frá því að hann hafi eitthvað versnað nú undanfarna mánuði. Þessi höfuðverkur nú allavega virðist vera meir af tensions headache typu.

M.t.t. sjónar heldur hún að hún hafi ekki farið versnandi, þó er hún ekki mjög örugg með það, alla vega getur hún lesið.

Ekki fengið neinar lamanir eða önnur focal neurolog. einkenni, enga taltruflun en hún telur minnið ekki hafa verið eins gott upp úr þessari aðgerð og vera farin að gleyma ýmsum hlutum.

Auk þess kvartar hún um alm. slappleika og þreytu, hefur alltaf getað séð um sig sjálf fram að þessu, jafnvel þó hún búi í stóru húsi en aftur á móti núna finnst henni hún varla geta framkvæmt sín heimilisstörf, hún vinnur ekki úti, ekki tekið eftir máttleysi við stigagöngur upp eða niður eða koma sér upp úr djúpum stól. Það hafa ekki fylgt þessu nein specifísk einkenni. Hún er á replacement meðferð fyrir hypophysectomi og hún er eins og sagt er í journal, en a.ö.l. engin meðferð.

Við neurolog. skoðun þá er hún svol. hægt demonstrative í framkomu svólítið sérkennileg. Hún er mjög cooperative, sýnir gott minni, rifjar upp gamla daga en þó ekki mjög nákvæmt minni, en án formlegrar prófunar væri ekki hægt að segja að það væri abnormt. Er ekki með taltruflun en talar heldur hægt og svo accelerar á köflum. Ég myndi segja dálítið frontal lobe-leg en aftur ekki örugglega pos. gæti bara verið eccentrict.

Í heilataugum er ekki að finna neitt óeðlilegt nema bilat. optic atrophy og er þeirri skoðun lýst af Eddu Björnsd. augnlækni.

Í útlimum, með greinilega rýra útlimi en er öll mjög rýr vegna þyngdartaþs sem hún kennir Hveragerði um. Hún er með gigtarbreytingar í höndum og er stírd og kraftlítill í höndum vegna þessa en það sem snertir neurologiu er hún með greinilega proximal paresu bæði í höndum og fótum, getur rétt haldið handleggjum uppi með minimal þrýstingi á móti. Getur ekki sest á hækjur, getur ekki reist sig upp frá 45 liggjandi stöðu án þess að nota hendur og að velta sér.

Reflexar fást allir fram nema eru heldur daufir nema í fótum. Eðlilegir, plantarsvörun bilat. flexor.

Engar skyntruflanir.

Engin ataxia og a.ö.l. ekkert marktækt við neurol. skoðun.

Niðurstaða: Eins og Edda Björnsd. augnlæknir segir í sinni cons. m.t.t.

hennar sjóntruflun, þá er ekki hægt að vita hvort það sé progress í þessu nema að fyrirverandi skoðanir liggja fyrir og þá tiltölulega nýlegar. Það er þýðingarmikið að vita þetta og við ættum að reyna að grafa upp allar fyrrv. upplýsingar. Ég held að það sé auk þess rétt að fá hjá henni cranium með sérmyndir af sellu, heilascan. og ég myndi segja heilarit. Um hennar metaboliska próf — ætla ég ekki að skipta mér af.

M.t.t. þessa proximal paresu ég held hún sé metabolisk, ég sé að hún er hypocalcemisk hún mæl. hypothyroid á þessum skammti af Thyroxini og þar er sennilega multiple orsök fyrir þessari proximal myopathiu. Það er rétt að koma hennar metabol parametra eins vel í lag og hægt er þegar allar upplýsingar liggja fyrir.“

Í skýrslu Landakotsspítala um þessa legu Eddu Björnsdóttur þar er einnig „nóta“ frá Guðjóni Lárussyni lækni og þar segir m.a.:

„Margopereruð við heiladingultumor á árunum '53 - '64 í K.höfn, fékk recidiv sbr. læknaþréf úr legunni í marz '58. Síðan á substitutions-meðferð með Cortisoni, Thyroxini, en fengið Primabol að auki + krampa-stillandi lyf. Þetta hefur gengið vandræðalítið í mörg ár, en psykisk vandamál hafa verið mikil. Konan er reduceruð andlega og infantil líkamlega.

Undanfarin ár hefur hún búið ein utan að hún sá um bróður sinn (drykkjumann) sem nú er látinn. Síðan ein og hefur lítið hugsað um mat eða viðhald á sjálfri sér.

Undanfarnar vikur hefur henni farið mikið aftur, nærst lítið, horast og orðið meira og meira máttfarin. Spurning um hvort hún hafi tekið lyfin sín rétt. Kvartað um lystarleysi, höfuðverk og syfju, ógeði á mat, en partur af því getur verið fordild.

Við komu fannst mér mjög af henni dregið og nánast í ugðvekjandi ástandi. Byrjað var að næra intravenust en gekk illa vegna mótmæla hennar. Sættz á að biða með það, borði hún sjálf.

Þarf að athugast m.t.t. mögulegs recidivs. Ennfremur rétt að taka magamynd.“

Í bréfi, sem Guðjón Lárusson lækni ritaði til læknis á Reykjalundi og dagsett er hinn 1. ágúst 1980, er sjúkrasaga Eddu Björnsdóttur rakin í stuttu máli, greint frá innlögn hennar á Landakotsspítala og þeim rannsóknnum, sem þar fóru fram og raktar eru hér að framan. Í bréfi þessu segir m.a.: „Konan neitaði magamyndun og yfirleitt öllum frekari Rtg.myndum þar sem henni hafði verið sagt í Danmörku á sínum tíma að hún mætti ekki fá meiri geislun. Þetta var borið undir Rtg.lækna okkar, sem voru sammála því að geislameðferð hennar hefði verið það mikil að ekki væri rétt að mynda hana frekar nema mikil nauðsyn bæri til og kom þetta ekki til þar sem konan neitaði. Konan vildi ekki vera hér, fann að mat og fussaði við öllu. Hún býr ein og hugsar um sig sjálf en gerir það

lítið. Þó er hún aktivari heldur en manni dytti í hug miðað við holdafar og líkamlegt ástand. Mér þætti líklegt að þetta yrði sett í flokk með anorexia nervosa, en það er erfitt að slá slíku föstu hjá þessum sjúkling. Hún útskrifar sig sjálf.“

Rétt er að fram komi að í þessari legu voru teknar röntgenmyndir af höfði, hjarta og lungum Eddu Björnsdóttur, og jafnframt voru gerðar ráðstafanir til að fá röntgenmynd af maga og heilaskann, en hún neitaði að fara í þær rannsóknir og varð þess vegna ekki af þeim. Heilarit var pantað, en ekki liggur fyrir hvort það var nokkurn tíma tekið.

Eins og ráða má af síðastnefndum ummælum fór Edda af Landakotsspítala að eigin ósk hinn 1. ágúst 1980.

Í byrjun nóvember 1980 fór Edda Björnsdóttir til meðferðar á Reykjalundi og annaðist Kári Sigurbergsson læknir hana þar. Með bréfi til Sigurðar E. Þorvaldssonar læknis, dagsettu 14. janúar 1981, óskaði Kári Sigurbergsson eftir að Sigurður framkvæmdi skoðun og gerði tillögur um hvort gera skyldi skurðaðgerð á hendi hennar. Í bréfi þessu segir m.a.: „Það hafa orðið persónuleikabreytingar hjá Eddu, hún er nokkuð infantil, eitthvað reduceruð. Hún bjargast samt furðanlega, hefur búið ein í stóru húsi og farið um í eigin bifreið. Svo er að sjá sem geðrænu vandamálin hafi farið vaxandi á síðustu árum og bæst við anorexia nervosa og er sj. vannærð. Henni býður yfirleitt við öllum mat. Anorexia nervosa mun í sumum tilfellum rakin til organískra breytinga. Í ofanálág við þetta allt saman hefur Edda svo fengið arthritís, bólgu í PIP-liði og MCP-liði á hægri hendi og það hefur vottað fyrir bólgu í fingurliðum á vinstri hendi einnig og er vinnugreiningin arthritís rheumatoides. Edda hefur nú verið til meðferðar hér á Reykjalundi frá því í nóvemberbyrjun. Hér hafa allir lagt sig fram að reyna að fá hana til samvinnu, en í rauninni hefur ekki verið hægt að koma við hita- eða æfingameðferð að neinu gagni á vinstri höndina, þar sem hún er hlaupin í burtu áður en nokkur veit af og bregst stundum hin versta við. Af þessu hefur hlotist að hún er komin með mikla hreyfingarhindrun í fingurliði, hnúaliði og úlnliði á hægri hendi og miklu meiri hreyfingarhindrun heldur en svarar til bólgunnar. Hún er ennfremur með Dupuytren's contracturu á báðum höndum, ekki mjög slæma en mig langar að leita álits þíns varðandi þessa contracturu. Eins og fram er komið áður þá hafa viðbrögð Eddu valdið miklum erfiðleikum. Við höfum orðið að halda að okkur höndum hvað varðar rannsóknir vegna þessa, og ennfremur hefur þetta áhrif á lyfjameðferð. Ennfremur fæst hún alls ekki til að breyta þeim lyfjum sem dr. Busch setti hana á fyrir löngu síðan.“

Edda Björnsdóttir var á Reykjalundi til 10. febrúar 1981. Að lokinni þessari dvöl hennar skrifaði Kári Sigurbergsson læknir skýrslu til Guðjóns Lárussonar læknis, en sú greinargerð er ódagsett. Þar segir m.a.:

„... sj. er infantil, reduceruð andlega og með persónuleikabreytingar, sem hafa valdið umgengnisferðileikum. Sj. virðist allvel efnum búin, býr ein og þrátt fyrir ofangreint bjargast hún furðanlega vel. Eftir því sem best verður séð að þá hefur einangrun sj. heldur farið vaxandi og ofan á hafa bæst tvö höfuðvandamál, annars vegar lysterleysi og vannæring, og svo hins vegar arthritis. Undirritaður skoðaði Eddu fyrst 5/9/80. Þá kvartaði hún um mikil óþægindi í hálsi og herðum svo og í fingurliðum og hnúaliðum hægri handar. *Skoðun:* Góð samvinna fæst við sj. þótt hún komi nokkuð sérkennilega fyrir. Hún er reikul á göngu. Fellir hvatvíslega dóma yfir fjölda manns og þá ekki síst læknum sem hún hefur haft samskipti við. Ör framan á enni og höfuðkúpa aflöguð eftir skurðaðgerð. *Gangur og meðferð:* Um Eddu og hennar vandamál var rætt margsinnis og sérstaklega við hjúkrunarfólk, starfsfólk í eldhúsi, iðjubjálfa og sjúkraþjálfa. Þrátt fyrir þetta tókst ekki að koma hér á neinni samvinnu að gagni. Hún var að vísu samvinnuþýð við hjúkrunarfræðinga og lækna, en sjaldan fannst sá matur á Reykjalundi sem hún gæti borðað og hún var óánægð með meðferðina og mætti ákaflega stopult í iðjubjálfun og sjúkraþjálfun þannig að sú meðferð kom ekki að gagni. Edda kveðst vera búin að fá alla þá geislun sem hún megi við um æfina, og má vel vera að rétt sé þannig að ekki er hægt að gera hjá henni neinar rannsóknir sem fela í sér einhvers konar geislun, hvorki að taka rtg.myndir né fá liðamátaskönnun. Eins og fram kemur að ofan mældist T4 og T3 við efri mörk og mætti álykta að sj. væri á fullstórum skammti, en hún harðneitar að breyta þeim skammti sem dr. Busch setti hana á forðum daga í Kaupmannahöfn, þannig að þeirri meðferð verður ekki breytt. Edda hefur sero-negativan arthritis og var vinnugreining hér arthritis rheumatoides. Edda hefur ennfremur Dupuytrén contracturu fremur væga í báðum lófum. Ráðgast var við Sigurð Egil Þorvaldsson og varð endirinn sá, að minimal skurðaðgerð var gerð vegna þessarar contracturu af Sigurði Agli á báðum lófum og gekk skurðaðgerð vel. Edda hefur hins vegar hlotið verulega fötlun og hreyfingarskerðingu bæði vegna liðamótabólgunnar og þessarar contracturu, sérstaklega í fingurliðum hægri handar og er það miklu meira heldur en venjulegt og má vafalaust rekja til þess að hún heldur fingrunum stöðugt krepptum inn í lófann og ekki hægt að fá hana til neinnar samvinnu hvað varðar sjúkra- eða iðjubjálfun. Ennfremur verður að horfast í augu við það að Edda léttist meðan hún var á Reykjalundi. Hinn 3/11 vó hún 37 kg en hinn 18/1 35 kg. Þegar Edda útskrifaðist frá Reykjalundi þótti fullreynt að henni yrði ekki gagn af frekari dvöl hér, enda ákvarðar hún að mestu leyti sjálf rannsóknir, lyfja- og æfingameðferð, eða öllu heldur: setur þeim mörk.“

Edda Björnsdóttir var lögð inn á lyflæknisdeild Landspítalans hinn 28. nóvember 1981 vegna hypoglycemíks coma, en þann dag hafði systir henn-

ar komið í heimsókn til hennar og fundið hana meðvitundarlaus. Voru framkvæmdar á henni nokkrar rannsóknir og að fengnum niðurstöðum úr þeim ákveðið að leggja hana inn á Borgarspítalann til aðgerðar hinn 1. desember 1981. Um þessa aðgerð liggur fyrir skýrsla Arons Björnssonar, aðstoðarlæknis Bjarna Hannessonar læknis, en sá síðarnefndi framkvæmdi aðgerðina. Í þessari skýrslu segir m.a.: „Lögd inn á Lsp. 18.11.81 vegna almenns slappleika og slens. Greind með stóran tumor í vinstra temporo-parietal svæði og þannig lögd inn á neurokirurgju til aðgerðar. Gerð er temporo-parietal craniotomia þann 02.12.81, komið inn á stóran necrotiseraðan tumor sem hefur eroderað squama temporalis á nokkuð stóru svæði. Tumorinn er exstirp. eftir því sem hægt var. Aðgerðin gekk vel. Sjúklingur vaknaði tiltölulega hress post. op. og paresan sem var til staðar í hægri hendi og hefur væntanlega verið nokkuð lengi þar sem meðal annars var um talsvert mikið spasticitet í fingrum að ræða var óbreytt. Næsta dag vaknaði Edda mun betur til lífsins og varð öll hressari. Þann 10.12.81 eða um viku eftir aðgerð hrakaði henni skyndilega á einum degi acut CT-scann leiddi þá í ljós cystiska fyrirferð í tumor svæðinu og var það punterað og út komu um 40 ml af serous vökva. Hresstist strax eftir þessa punctio og hefur síðan verið á stöðugum batavegi. Er síðan útskrifuð á Grensás-deildina þar sem hún mun dveljast eitthvað um sinn í endurhæfingu. Sjálf vildi Edda fara heim til sín. En það er erfitt að sjá hvernig þessi kona ætti að geta hugsað sómasamlega um sig ein heima.“

Hinn 4. mars 1982 var Edda Björnsdóttir enn skorin upp á höfði og framkvæmdi Bjarni Hannesson læknir þá aðgerð. Liggur fyrir í málinu lýsing hans á þeirri aðgerð og segir þar m.a.: „Í byrjun des. '81 fannst hjá sjúkl. stór tumor í vi. parietal lobe. Um það leyti var sjúkl. í mjög slæmu metabolisku ástandi: var mjög vannærð og hafði skömmu áður verið lögd í coma inn á Lsp. vegna hormónatrufllana og þar fannst þessi tumor. Sjúkl. var þá tekinn til aðgerðar og gerð vi. temporal craniectomy og fjarl. talsvert magn af tumornum, sem leit út fyrir að vera mjög malign. P.A.D. svar úr tumornum var, að hér væri um að ræða meningioma, sem kom mjög á óvart bæði vegna macroscopisks útlits tumorsins og vegna röntgenrannsókna, sem benda eindregið til að hér sé um að ræða malignan tumor. Sjúkl. fluttist síðan á Grensás-deild og hefur farið geysilega mikið fram, hún er nú komin í gott metabolískt ástand, en er farin að kvarta aftur um höfuðverk og það er farið að bera aftur á dysphasiu, sem hafði lagast mikið, og endurt. tölvusneiðmyndir sýna að sjúkl. er kominn aftur með mjög stóran tumor í vi. parietal lobe og angiografia sýnir að hér er um að ræða avascular tumor, sem lyftir art. cerebri media, og er mikil tilfærsla á miðlínuæðum til hæ. Vegna þess að fyrra svar úr tumornum var að hér væri meningioma er ákveðið að freista þess að gera meira radical aðgerð.

.... Það var gerður skeifulaga skurður í vi. parietal regio. Sjúkl. var með temporal craniectomiu vi. megin og dura var dissiceruð frá beininu og síðan var með craniotomi fjarlægður beinflipi, 5×10 cm. Dura var talsvert spennt, en púlseraði. Hún var síðan opnuð með hálfhringlaga skurði. Dura var flett ofan af heilanum og það kom í ljós, að sjúkl. var með tumor neðst og fremst í lobus temporalis. Tumorinn var rauðbrúnn. Hann var vel afmarkaður frá heilavefnum, en það var engin capsula utan um hann. Það tókst að fá gott clivage plan á milli tumorsins og heilans og síðan var tumorinn fjarlægður. Hann var mjög necrotískur, með smá cystum, tiltölulega avasculer og það meyr í sér að hann var að mestu leyti soginn upp í gegnum sog. Það voru þó teknar margar biopsiur til að senda í histol. rannsókn og það var fjarlægður tumor sem var á stærð við meðalstóra appelsínu. Aftast í tumornum var stór cysta sem tók ca. 30 ml, full af gulum vökva. Þegar að tumorinn hafði verið fjarlægður og það sást ekkert meira macroscopískt af tumor, þá náði holan inn undir miðlinu. Maður sá vel framhlutann á tentorium og sphenoidal vænginn. Það náðist góður haemostasi. Holan var þakin með surgicel og síðan var dura lokað. Hún var síðan flutt á Gjörgæslu og þoldi aðgerðina vel og hafði engin frekari neurol. einkenni eftir aðgerð.“

Í gögnum málsins kemur fram að Edda var á endurhæfingardeild Borgarspítalans frá 15. mars til 19. maí 1982. Hinn 17. maí var hún reyndar flutt inn á skurðlækningadeild Borgarspítalans, þar sem rannsóknir þóttu benda til nauðsynjar á enn einni skurðaðgerð, en hún neitaði að gangast undir slíka aðgerð og var þá flutt aftur á endurhæfingardeildina.

Edda Björnsdóttir lést eins og áður greinir hinn 6. nóvember 1982. Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla rannsóknastofu Háskólans um krufningu á miðtaugakerfi Eddu Björnsdóttur. Er mænu og heila hinnar látnu þar lýst svo:

„Dura ómarkverð nema merki aðgerða v. megin. Leptomeninges eðlilegar nema sjá heilayfirborð. Circulus arteriosus án atheromata og heilataugar eðlilegar.

Í heilayfirborði sést:

a. mikil þrýstingseinkenni, flatir gyri og samanþjappaðir gyri, og vinstra hemispherium fyrirferðarmeira.

b. yfirborðsskemmd á facies orbitalis lobi frontalis dxt., sem nær alldjúpt niður í hvítuna sem er slétt og gulleit í botni skemmdarinnar. Mælist hún 3.0×4.0 cm.

c. yfirborð lobus temporalis sin. framanvert og hliðlægt er tætt og gráhvítt á svæði sem mælist 4.0 cm þversum \times 4.0 cm a:p.

d. í fossa interpeduncularis eru leptomeninges mikið þykknaðar.

Sneiðar frá stóra heila sýna:

1. mikla fyrirferðaraukningu v. heilahvels (tumor + bjúgur) ásamt tilfærslu á miðlinu yfir til hægri með aflögun á hólfakerfi heilans, og corpus striatum sin. og thalamus sin. ásamt herniatio gyri cinguli sin.

2. í lobus frontalis dxt. sést gömul skemmd sjá b að ofan.

3. í lobus temporalis sin. er æxlisvefur sjá c að ofan aðallega gráhvítur og þéttur en með gulleitum og glærum svæðum. Eftir því sem aftar dregur er æxlið meira lobulerað og skagar inn í ventriculus lat. sin., á mótum cornu posterius og inferior, sem er mjög útvíkkaður. Æxlið nær fram-aftur yfir 5 cm svæði og nær inn að corpus striatum og thalamus og aftan þeirra inn í ventr. lat.

4. mikil aflögun er á miðheila, samþjöppun frá hlið til hliðar og lenging.

Sneiðar frá heilastofni eðlilegar nema miðheili aflagaður.

Sneiðar frá litla heila og mænu eðlilegar. Ekki finnast leifar heiladinguls.

Smásjárskoðun:

Sneið frá lobus frontalis dxt. sýnir gliosis umhverfis yfirborðsskemmd. Æxlisvöxturinn í lobus temp. sin. samrýmist fyrri greiningum þ.e. meningioma. Æxlið er af meningotheiomatious gerð með talsverðum cystískum og dreifðum zanthomatous breytingum og nokkuð er um mitosur.

Sneiðar frá lobus temp. dxt., heilastofni og mænu ómarkverðar.

Umræður:

Heilinn er of léttur miðað við aldur. Ætti að vera rúm 1200 g (annars staðar í skýrslunni segir að hann hafi vegið 1030 g). Skemmdin í facies orbitalis lobi frontalis dxt. er vafalaust til orðin við fyrri aðgerðir á heiladingli. Æxlisvöxturinn í lobus temporalis sin. er án illkynja breytingar en mitosur eru tíðari en venjulega í meningioma, en það gæti bent til aggressivari vaxtar þessa æxlis.“

VI

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir og varnaraðili Pétur Björnsson hafa gefið aðiljaskýrslur í málinu. Þá hafa komið fyrir dóminn sem vitni lækarnir Guðjón Lárusson, Bjarni Hannesson, dr. Óskar Þórðarson og Sigurður Guðmundsson. Ennfremur hafa nokkrir núverandi og fyrrverandi starfsmenn Verksmiðjunnar Vífilfells hf. gefið vitnaskýrslur í málinu. Verður nú rakið hið helsta úr framburðum þessum.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir skýrði svo frá að Edda heitin hafi liðið miklar kvalir af sjúkdómum sínum, sem einkum hafi lýst sér í stöðugum höfuðverkjum. Hún kvaðst hafa haft mikið af veikindum hennar að segja, einkum eftir fráfall föður þeirra, og hafi það þá komið í sinn hlut að fylgjast með henni. Hún hafi verið ákaflega erfiður sjúklingur og yfirleitt ekki verið hægt að koma henni inn á sjúkrahús fyrr en svo hafi verið komið

að hún gat ekki lengur neitað því. Heilsufar hennar hafi þó verið nokkuð misjafnt og inn á milli hafi komið dagar sem hún var betri en að jafnaði. Hún hafi vegna veikinda sinna aldrei verið til neinna verka. Yfirleitt hafi hún ekki getað haldið uppi eðlilegum samræðum, og stundum hafi hreinlega verið erfitt að ná sambandi við hana. Hún hafi aldrei tekið virkan þátt í stjórnun þeirra félaga sem málið snýst um, þó svo að hún hafi átt sæti í stjórn þeirra. Hún hafi að vísu stundum setið stjórnarfundi í þeim, en verið afskiptalaus um þau málefni sem þar voru til meðferðar hverju sinni. Hún hafi verið á launaskrá hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf., þó svo að hún hafi ekkert starfað þar utan nokkra mánuði á árunum 1960 til 1965. Hún hefði ef til vill haft líkamsburði til að vinna þar létta skrifstofuvinnu, en hún hefði hins vegar ekki haft úthald til að sitja lengi við að gera það sama. Afleiðingar af sjúkdómum hennar á andlega heilsu hennar hafi verið með þeim hætti að hún gat ekki starfað hjá fyrirtækjum fjölskyldunnar né annars staðar. Hún hafi af sömu ástæðum aldrei getað haldið heimili fyrir sjálfa sig hjálparlaust, hvað þá fyrir aðra. Á yngri árum hafi hún fengist mikið við hannyrðir og lítills háttar við að mála postulín og saumaskap. Þetta hafi hún þó ekki gert í atvinnuskyni. Þetta hafi þó breyst mikið eftir að hendur hennar hafi tekið að kreppest sem hafi byrjað nálægt árinu 1970. Hafi læknað fyrst talið að þar væri um liðagigt að ræða, en síðar hafi Bjarni Hannesson sagt sér að þessu hafi valdið heilaeðli sem sennilega hefði verið búíð að búa um sig í mörg ár áður en það var fjarlæggt. Minni hennar hafi verið slæmt, en hún hafi virst muna vel ýmsa þá atburði sem gerðust á yngri árum hennar, en það sem gerðist frá degi til dags hafi hins vegar fest mjög illa í minni hennar. Hafi þetta verið áberandi allt frá því fyrst fór að bera á sjúkdómseinkennum hjá henni.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir skýrði ennfremur frá því að hún hefði verið með móður sinni í Kaupmannahöfn árið 1964 er Edda Björnsdóttir var skorin þar upp. Þá hafi læknir sá sem annaðist hana, dr. Vænet, tjáð þeim mæðgum þær niðurstöður af rannsóknum á Eddu að þroski hennar mundi aldrei verða meiri en „á við óþekkan 13 til 14 ára krakka“ og yrði hún að fá meðhöndlun í samræmi við það. Hafi þeim verið gerð grein fyrir því að þó að greind Eddu væri e.t.v. meiri en þessu svaraði mundi hegðan hennar ávallt verða í samræmi við þetta.

Sóknaraðilinn Iðunn Björnsdóttir kvaðst telja að Edda heitin hefði ekki haft getu til að semja erfðaskrána á dskj. nr. 9 eða vélrita hana.

Varnaraðili Pétur Björnsson skýrði svo frá fyrir réttinum að Edda heitin hafi starfað hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf. meira og minna fram til ársins 1972 eða 1973 við ýmis skrifstofustörf, t.d. við vélritun á bréfum á ensku og dönsku, talningu peninga og fleira. Hún hafi unnið fullan vinnudag hjá félaginu í mörg ár, en síðar hafi hún farið að vinna hálfan daginn er heilsu

móður hennar var tekið að hraka, og síðar hafi hún komið og gripið í vinnu á ákveðnum tímum eftir því sem henni sjálfri hentaði. Eftir að verksmiðja félagsins hafi flutt árið 1974 hafi hún ekkert unnið við fyrirtækið, því að „þá breyttust allir hættir þannig að hún féll mikið til út úr forminu sem við höfðum“. Hún hafi þó ávallt komið nokkuð reglulega tvisvar á dag á skrifstofur félagsins, fengið sér kaffi með þeim er þar störfuðu og rætt við starfsfólkið um daginn og veginn. Hann kvaðst ekki telja að hún hefði breyst á nokkurn hátt við þá reynslu er því fylgdi að gangast undir þá uppskurði er dr. Busch framkvæmdi á höfði hennar og áður hefur verið lýst, og að þeim loknum hafi verið vonast til að búið væri að ráða bót á hennar meini. Hún hafi komið „eðlilega og normalt“ fram allt fram til þess tíma, er dró að andláti hennar, sem hafi verið um 1980, en þá hafi farið að draga verulega af henni. Hún hafi ekið bifreið alla tíð og ekki lent í neinum vandræðum í því sambandi fyrr en hún var orðin langt leidd af veikindum sínum eftir 1980.

Varnaraðili kvað Eddu heitna hafa tvívegis fært sér erfðaskrár til varðveislu. Hin síðari hafi verið sú erfðaskrá sem um er deilt í máli þessu. Hina fyrri hafi hún fært sér nokkru áður, en hann kvaðst ekki vera viss um hversu langur tími leið þarna á milli. Hann kvað báðar skrárnar hafa verið efnislega á sama veg, en hin eldri hafi verið vottuð af tveimur vottum. Kvaðst hann muna eftir að annar votturinn hafi verið Ingibjörg Guðmundsdóttir, en hann kvaðst ekki muna hver hinn votturinn var. Kvaðst hann engan þátt hafa átt í gerð þessara erfðaskráa og ekki hafa vitað um það fyrirfram að til stæði hjá Eddu að gera slíka gerninga. Hann hafi einskis spurt hana í þessu sambandi, hvorki um það hvort hún hefði sjálf gert skrárnar eða fengið til þess aðstoð, hvaða ástæður lægju þar að baki, né annað sem máli skiptir í því sambandi. Hún hafi haft sjálfstæðar skoðanir og ekki alltaf spurt aðra um það hvað hún ætti að taka sér fyrir hendur. Hann kvaðst telja að Edda hafi á eigin spýtur verið fær um að semja efni skrána og færa það í letur og vélrita, eins og það hafi verið gert. Varnaraðili kvaðst ekki geta fallist á þær staðhæfingar að andlegur þroski Eddu hafi ekki verið eðlilegur. Hann hafi aldrei fundið inn á það. Hún hafi lokið skólagöngu og þroski hennar þá verið eðlilegur. Þær staðhæfingar, sem aðrir hafi haldið fram, að þroski hennar hafi verið á við þrettán ára unglíng fái því ekki staðist því að þroski hennar hafi ekki breyst að þessu leyti til hins verra. Hann kvað Eddu ekki hafa verið uppstökka eða átt við sérstaka skapbresti að stríða.

Varnaraðili kvað Eddu heitna hafa haft mikinn áhuga á málefnum félaga fjölskyldunnar. Hún hafi sótt stjórnarfundum og tekið virkan þátt í störfum þeirra. Á fundum hafi hún spurt mikið út í starfseminu og þá komið skýrt fram að hún skildi þá starfsemi sem þar fór fram, þó svo

að hún hafi ef til vill ekki haft „professional innsýn inn í fyrirtækið sjálft“, eins og varnaraðili komst að orði í skýrslu sinni.

Varnaraðili neitaði því að hafa viðhaft ummæli sem skilja ætti sem svo að hann hafi látið Eddu gera erfðaskrá 1977 og að síðar hafi hann látið Eddu gera aðra slíka skrá 1978 þar sem honum hafi þótt öruggara að hafa skrána notarialstaðfesta. Kvaðst hann hafa jánkað því að hann hefði fengið erfðaskrár í hendurnar 1977 og 1978, en hann hefði aldrei átt nokkurn þátt í gerð þeirra. Kvað hann ummæli sem að þessu lúta og honum hafi verið lögð í munn vera slitin úr samhengi og ekki rétt skýrð. Varnaraðili var einnig spurður um það hvort hann hafi látið þau orð falla í afmælisveislu, sem haldin hafi verið sóknaraðiljanum Sigríði Ólafsdóttur Seager, að „Edda hefði gert arfleiddluskrá til þess að bréfin kæmust ekki undir umráð Kristjáns“. Þessu svaraði varnaraðili neitandi og kvað ummæli sem að þessu lúta ekki í réttu samhengi né rétt fram sett. Varnaraðili neitaði því einnig að hafa við sama tækifæri sagt við sóknaraðiljann Sigríði Ólafsdóttur Seager að eiginmaður sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur hefði gerst sekur um misferli á árinu 1977. Kvað hann ummæli sem að þessu lúta, svo sem þau eru sett fram af hálfu sóknaraðilja málsins, hafa verið slitin úr samhengi og neitaði að hafa viðhaft slík ummæli.

Varnaraðili neitaði því með öllu í skýrslu sinni að hann hefði þyrlað upp samsæri gegn eiginmanni sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur, Kristjáni Kjartanssyni, í fyrirtækinu með því að efna til könnunar á fjárreiðum hans hjá fyrirtækinu. Skýrði varnaraðili svo frá að ýmsir starfsmenn í bókhaldsdeild hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf. hafi á sínum tíma gert athugasemdir við sig vegna þess að þeir hafi talið Kristján Kjartansson misfara með fé fyrirtækisins í eigin þágu. Kvaðst varnaraðili hafa af þessu tilefni falið Ingi-Þjórgu Guðmundsdóttur að taka saman gögn um þetta úr bókhaldsgögnum félagsins. Þetta hafi verið gert og síðan lagt fyrir Kristján Kjartansson, og að því búnu hafi þessir hlutir verið leiðréttir með þeim hætti að Kristján hafi greitt til baka peninga vegna þessa. Meðan þetta fór fram hafi þetta verið altalað í fyrirtækinu og Edda hljóti að hafa frétt af því eins og aðrir sem þarna komu daglega og ræddu við starfsfólkið um alla heima og geima. Hann hafi sjálfur ekkert rætt þetta við Eddu og þetta hafi aldrei komið til tals á stjórnarfundum eða hluthafafundum í félaginu. Varnaraðili kvað endurskoðendur félagsins ekki hafa verið kvadda til í sambandi við athugun og uppgjör á þessum hlutum heldur hafi þetta verið leyst algerlega innan fyrirtækisins.

Vitnið Kristján G. H. Kjartansson, Einimel 7, Reykjavík, framkvæmdastjóri Verksmiðjunnar Vífilfells hf., hefur gefið skýrslu fyrir réttinum. Vitnið er eiginmaður sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur.

Vitnið kvaðst hafa þekkt Eddu heitina frá barnsaldri, en þau hafi verið

fædd á sama ári. Hann kvað Eddu hafa starfað lítilsháttar á skrifstofu Vífilfells hf., líklega á árunum 1963 og 1964, við að flokka og telja peningaseðla, en að öðru leyti hafi hún ekki starfað utan heimilis síns, þó svo að hún hafi verið á launaskrá hjá félaginu allt til dauðadags. Hún hafi verið sjúklingur alla ævi, allt frá því að æxli uppgötvaðist í heila hennar er hún var líklega 17 eða 18 ára. Vegna þessara veikinda hafi hún aldrei verið fær um að vinna nein störf hjá fyrirtækjum fjölskyldunnar. Vitnið kvað Eddu hafa komið sem næst daglega á heimili sitt og einnig á skrifstofu Vífilfells hf. Hafi ávallt farið vel á með henni og vitninu.

Vitnið lýsti veikindum Eddu, eins og þau komu vitninu fyrir sjónir, þannig að hún hafi stöðugt verið kvalin af höfuðverk. Síðar hafi komið til ýmsir verkir í líkama og liðum. Hún hafi mjög oft haft samband við sig er hún þurfti vegna veikinda sinna að ná til læknis, og hafi hann reynt að koma því í kring. Edda hafi haft heldur lítið álit á læknastéttinni í heild, talið lækna geta lítið fyrir sig gert og átt erfitt með að skilja hvers vegna þeir gætu ekki læknað hana af þeim veikindum sem hrjáðu hana. Sérlega hafi verið erfitt að eiga við hana ef leggja þurfti hana inn á sjúkrahús, og margsinnis hafi hún neitað slíku, svo að innlögn varð ekki við komið fyrr en hún var komin í „kóma“.

Vitnið var spurt hvort það minntist þess að Edda hefði rætt um það við vitnið að Pétur bróðir hennar væri að sækjast eftir undirritun á skjöl hjá henni á árunum 1977 eða 1978. Kvað vitnið það hafa gerst einu sinni. Lýsti vitnið því atviki sem hér segir: „Hún kom inn á skrifstofu til mín, sem er í næsta herbergi við Pétur, ég var þar að sýsla í einhverjum pappírnum og hún settist í stólinn hjá mér og fékk sér sigarettu og ég sé að hún er eitthvað hnuggin og fer svona að spyrja hana hvað sé að — þá er hún ekki beint grátandi en svona völdandi eða kjökrandi eða hvað á að kalla það og ... hún sagði orðrétt: „Þetta helvíti hinum megin við vegginn er að reyna að fá mig til að skrifa undir“ og ég segi „hvað?“ Þá bögglast eitthvað út úr henni „erfða“ eitthvað sem ég ekki náði, og ég tek svona utan um hana með höndina um stólbakið og segi: „Edda mín þú ert nú það klár að þú skrifar ekki undir neitt, hvorki hér eða annars staðar, án þess að leita ráðgjafar t.d. löglærðs manns“, og benti henni um leið á að hún gæti alltaf leitað til Arnar Þór sem væri okkar lögfræðingur, þegar ég segi okkar, þá er það fyrirtækisins, og hennar persónulegi vinur. Nú meira var þetta ekki og þetta er eina skiptið sem þetta mál bar á góma og hún talaði um þetta við mig.“

Vitnið kvaðst ekki hafa talið Eddu hæfa til að ráða fjárhagslegum hagsmunum sínum hjálparlaust á þeim tíma sem hér um ræðir, þ.e. á árunum 1977 og 1978. Hún hafi ekki getað haft stjórn á sínum peningamálum. Kvaðst vitnið ekki telja að hún hafi gert sér neina grein fyrir þeim verðmæt-

um sem fólust í þeim hlutabréfum sem um er rætt í erfðaskránni og eru örfáar krónur að nafnverði. Vitnið kvaðst þó telja að hún hefði þó gert sér vel grein fyrir því að hún væri stór eignaraðili að fyrirtækjunum. Edda hafi verið mjög áhrifagjörn og hægt hafi verið að telja henni trú um nánast hvað sem var. Kvaðst vitnið telja að eftir þær heilaaðgerðir og geislanir sem hún hafi gengið í gegnum á unga aldri hafi andlegur þroski hennar verið á við fjórtán ára ungling, þó svo að hún hafi haft sína lífsreynslu, sem enginn 14 ára unglingur hafi. Skap hennar og framkoma hafi verið eins og hjá óþekktum stelpukrakka á þeim aldri. Í umgengni við hana, þegar hún kom í heimsókn á skrifstofur fyrirtækja fjölskyldunnar, hafi fólk ávallt farið að henni með varúð og öllum þótt vænt um hana, en ekki hafi annars verið tekið mikið mark á henni. Hugarástand hennar hafi verið mjög mismunandi, hún hafi æst sig mjög upp út af nánast engu og þá látið út úr sér alls konar ummæli, „sem vanalegt fólk segir ekki“, en menn hafi látið slíkt sem vind um eyru þjóta, þar sem mönnum hafi verið ljóst ástand hennar.

Vitnið kvað Eddu hafa haft bifreið til afnota. Lengst af hafi það verið bifreið föður hennar, R-234, en á árinu 1977 hafi hún fengið nýja bifreið af gerðinni Chevrolet Nova til sinna þarfa. Sú bifreið hafi verið skráð eign Verksmiðjunnar Vífilfells hf. eins og hin fyrri, en hún hafi ein haft forræði á henni. Pétur Björnsson hafi haft forgöngu um þessi bifreiðakaup sem forstjóri félagsins og þetta hafi verið í eina skiptið sem ný bifreið var keypt handa henni.

Vitnið kvað það rétt vera að á árinu 1977 hefði farið af stað athugun á reikningum sem gjaldfærðir hefðu verið hjá Vífilfelli hf., sem með réttu hefðu átt að færast á hann persónulega sem einkaneysla eða einkauktektir. Athugun á þessu hefði verið mjög umtöluð á skrifstofunum og geti ekki farið hjá því að Edda hafi orðið þessa áskynja í heimsóknum sínum á skrifstofurnar. Þetta mál hafi verið afgreitt innan fyrirtækisins og án þess að endurskoðandi félagsins væri til kvaddur og vitnið greitt til baka þær fjárhæðir sem taldar voru hafa farið þarna á milli mála, en þar hafi ekki verið um háar fjárhæðir að ræða. Vitnið kvað Eddu aldrei hafa rætt þetta við sig og ekki vita hvort hún hafi rætt þetta eitthvað við varnaraðilja, en kveðst telja líklegt að svo hafi verið.

Vitnið Margrét Dóra Kristjánsdóttir, Sudurgötu 45, Keflavík, fædd 31. mars 1956, starfaði sem ritari við borgarfégetaembættið frá því um vorið 1978 og fram á vor 1979. Staðfesti vitnið undirskrift sína sem notarialvotts á erfðaskránni á dskj. nr. 9. Kvaðst vitnið ekki muna eftir því sérstaklega hvernig þetta bar að, en þetta hafi verið mjög skömmu eftir að vitnið hóf störf hjá embættinu. Vitnið kvaðst muna eftir tveim tilvikum þar sem það hafi ritað nafn sitt sem notarialvottur á erfðaskrár. Í annað skiptið hafi

vitnið verið kvatt í skrifstofu fógeta og þá verið staddur hjá honum fullorðinn maður sem vitnið hafi talið líklegt að væri sá sem gerði viðkomandi skrá, en í hitt skiptið kveðst vitnið muna eftir að komið hafi verið með plagg upp á skrifstofu ritaranna og beðið um að votta. Vitnið kvaðst halda að í bæði skiptin hafi verið um að ræða erfðaskrár karlmanna og kvaðst ekki muna eftir að hafa skrifað undir erfðaskrá „fyrir konu“. Vitnið kvaðst ekki minnst þess hvort það hafi ritað sem notarialvottur á skrá, sem Jónas Thoroddsen hafi staðfest. Í þau skipti sem hún hafi skrifað sem vottur á slík skjöl hafi þau aldrei verið lesin upp í sinni áheyrn, og í þeim tveimur tilvikum sem vitnið taldi sig muna eftir hafi hún ekki séð viðkomandi menn skrifa undir skjölin. Sér hafi verið tjáð að þessi nafnritun hennar væri formsatriði og hún ekki fengið neinar frekari skýringar á því, en hún hafi treyst því að fógetinn vissi hvað hann væri að gera í þessum efnun.

Vitnið Elísabet Birna Elisdóttir, Keilugranda 4, Reykjavík, fædd 11. ágúst 1953, starfaði sem ritari við borgarfógetaembættið frá árinu 1973 til hausts 1979. Hún staðfesti undirritun sína sem notarialvotts á erfðaskránni á dskj. nr. 9. Hún kvaðst ekkert muna eftir þessari erfðaskrá sérstaklega né hvort hún hafi verið viðstödd undirritun arfleiddandans sjálfs undir skrána. Jónas Thoroddsen, fulltrúi yfirborgarfógeta, hafi haft skrifstofu á sömu hæð og ritararnir og yfirleitt hafi hann kallað á þær inn til sín til að votta erfðaskrárnar og þær farið inn til hans og vottað og farið svo út aftur. Skrárnar hafi ekki verið lesnar upp að vottum viðstöddum, en þær að jafnaði vottað þær í viðurvist þess sem gerði skrána. Stundum hafi þó komið fyrir að ritarar skrifuðu notarialvottorðið inn á slíkar skrár fyrir hann og undirrituðu það síðan um leið án þess að búið væri að skrifa undir að öðru leyti.

Vitnið Jenný Erla Guðmundsdóttir, Bergstaðastræti 17, Reykjavík, fædd 2. janúar 1953, starfaði um margra ára skeið á skrifstofum Verksmiðjunnar Vífilfells hf. um lengri og skemmri tíma í einu, í skólaleyfum og afleysingavinnu. Hún er dóttir eins hluthafanna í félaginu, Guðrúnar Guðmundsdóttur, en faðir vitnisins mun hafa verið hálfbróðir Björns Ólafssonar, föður Eddu Björnsdóttur. Vitnið kvaðst hafa þekkt Eddu Björnsdóttur persónulega allt frá því vitnið var 10 ára að aldri. Allt frá þeim tíma hafi Edda verið tíður gestur á heimili foreldra vitnisins. Eitt sumarið, sem vitnið starfaði hjá fyrirtækinu, hafi Edda unnið við að telja peninga, en vitnið mundi ekki hvaða ár það var. Edda hafi hins vegar alltaf komið á skrifstofur félagsins, nánast daglega, og fengið sér kaffi og spjallað við starfsfólkið.

Vitnið kvaðst ekki treysta sér til að meta það hvort Edda hefði getað unnið önnur störf en þau sem hún vann við og lýst var, þar sem hún hafi sífellt þjáðst af höfuðverk sem alltaf hefði háð henni. Vitnið kvaðst telja að í málum sem Edda hefði sjálf haft áhuga fyrir hefði hún getað haldið

uppi eðlilegum samræðum í samhengi. Vitnið kvað sér hafa verið það ljóst frá því það fyrst kynntist Eddu að hún var höfuðveik. Hún hafi fengið mjög tíð höfuðverkjaköst og þá gripið oft um höfuðið og hafi þetta getað gerst í miðjum samræðum fyrirvaralaust. Edda hafi oft fengið krampaköst á heimili vitnisins, og þessi atvik hafi ef til vill leitt til þess að er vitnið sjálft eltist hafi það metið Eddu á annan veg en vera mundi ef vitnið hefði sjálft verið orðið fullorðið er þær kynntust. Eddu hafi verið margt til lista lagt, hún hafi verið mjög handlagin og listræn.

Vitnið kvaðst oft hafa rætt við Eddu um hin ólíkustu málefni. Edda hafi verið ákaflega ákveðin í skoðunum um viss mál. Hún hafi verið á vissum sviðum mjög þrjúsk og ósveigjanleg, það á stundum leitt til deilna þeirra á milli ef vitnið hafði aðrar skoðanir. Þetta hafi hins vegar ekki endilega gilt um málefni fyrirtækja fjölskyldu Eddu, enda hafi þau ekki komið svo mikið til tals milli þeirra.

Vitnið skýrði frá því að sumarið 1977 hafi það starfað á skrifstofu Vífilfells hf. og hafi þáverandi gjaldkeri hjá félaginu, Guðný Pálsdóttir, sem nú er látin, komið mörgum sinnum að máli við vitnið til að ræða um atvik sem henni þóttu óeðlileg í sambandi við einkaúttektir Kristjáns Kjartanssonar, sem gjaldfærðar voru sem kostnaður á félagið. Hafi Guðný fært þetta í tal við vitnið, þar sem henni var kunnugt um eignaraðild fjölskyldu vitnisins að félaginu. Að beiðni Guðnýjar hafi vitnið farið að kanna þessa hluti og rætt við varnaraðilja um hvort honum væri kunnugt um að slíkir hlutir væru að eiga sér stað. Hann hafi sagt að sér væri ekki kunnugt um slíkt og síðan hafi farið í gang athugun á þessu. Vitnið kvaðst ekki hafa sjálft kannað einstaka reikninga og ekki rætt um þessa könnun við Kristján Kjartansson eða endurskoðendur félagsins. Hins vegar kvaðst vitnið hafa rætt þetta við móður sína, sem átti sæti í stjórn félagsins.

Vitnið kvað Eddu hafa haft mjög ákveðnar skoðanir um ýmislegt sem gerðist í sambandi við rekstur Vífilfells hf. Hafi hún oft sagt að sér myndist vera margs konar bruðl og eyðsla hjá fyrirtækinu og þar væru keyptir ýmsir hlutir sem ekki tilheyrðu rekstri fyrirtækisins. Hafi það verið Kristján Kjartansson sem „varð fyrir barðinu á henni“ í þessu sambandi. Eftir að áðurgreind könnun á einkaneyslu Kristjáns á kostnað Vífilfells hf. hafi átt sér stað hafi það komið fram á afgerandi hátt hjá Eddu að hún vildi síður að Kristján fengi meiri áhrif í fyrirtækinu heldur en hann þá hafði. Hún hafi litið á sig sem einhvers konar mótvægi innan fyrirtækisins sem stjórnarmaður og talið sig geta haft áhrif á gang mála þar. Vitnið kvaðst hins vegar ekki gera ráð fyrir og ekki hafa orðið vart við það sem starfsmaður í fyrirtækinu að Edda hafi reynt að hafa einhver áhrif á daglega stjórnun í fyrirtækinu.

Vitnið kvaðst aldrei hafa rætt við Eddu Björnsdóttur um erfðaskrá henn-

ar og ekki vitað um tilvist slíkrar skrár fyrr en vitnið kom í jólaleyfi frá námsdvöl erlendis, líklega um jólin 1979. Hafi systir vitnisins, Ingibjörg, skýrt vitninu frá því að Edda hefði gert slíka skrá. Hafi vitninu skilist að þarna kæmi fram vilji Eddu, en tilefni hennar til að gera skrána hafi ekki komið fram sérstaklega. Hafi vitninu þá jafnframt verið skýrt frá því að Edda hefði arfleitt varnaraðilja að hlutabréfum sínum. Vitnið gat sér þess til að það sem á undan var gengið í sambandi við fjárreiður Kristjáns hjá félaginu hafi hugsanlega leitt til gerðar skrárinnar.

Vitnið var spurt hvort það treysti sér til að svara því hvort vitnið teldi andlega heilsu Eddu hafa verið slíka í apríl 1978 að hún hefði verið fær um að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá á skynsamlegan hátt. Svar vitnisins var á þá leið að það treysti sér til að segja það að það héldi að það væri vilji Eddu sem þarna komi fram. Ekki kvaðst vitnið muna hvort vilji hennar til að gera erfðaskrá hafi komið fram í samtölum við hana, en að minnsta kosti hafi ekki komið fram hjá henni síðar neinar efasemdir vegna þessarar ráðstöfunar.

Vitnið Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir skólustjóri, Óðinsgötu 22, Reykjavík, fædd 16. ágúst 1951, er stjórnarmaður í Verksmiðjunni Vífilfelli hf. og dóttir eins hluthafanna, Guðrúnar Guðmundsdóttur. Kvaðst vitnið hafa þekkt Eddu Björnsdóttur persónulega frá barnæsku. Vitnið kvaðst hafa starfað hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf. við og við frá 12 eða 13 ára aldri og umgengist Eddu mikið í því sambandi einnig. Edda hafi starfað við að telja peninga hjá fyrirtækinu um talsverðan tíma, meðan vitnið starfaði þar, en vitnið kvaðst ekki muna hvenær hún hefði hætt því. Hafi Edda ávallt verið mjög ósátt við þetta starf. Þessu hafi þó lokið ekki síðar en 1974, og eftir að hún lét af þessu starfi hafi hún ekki unnið neitt hjá félaginu. Kvaðst vitnið telja að stjórnendur félagsins hefðu ekki treyst henni fyrir ábyrgðarmeiri störfum en þeim sem hún hafði gegnt hjá félaginu vegna veikinda hennar, sem einkum hafi lýst sér í höfuðverk og að hana hafi skort einbeitingu til að sitja samfellt við eitthvert starf og vinna.

Vitnið skýrði frá því að skömmu áður en Edda fór til Danmerkur á hressingarhæli árið 1977 eða 1978 hafi hún hringt til sín og spurt hvort vitnið og eiginmaður þess vildu votta erfðaskrá fyrir sig. Hafi vitnið spurt hvenær ætti að gera það og Edda sagt að hún mundi koma skránni yfir til móður vitnisins og bað vitnið að koma þar við og skrifa á hana þar. Hafi þau hjónin síðan gert þetta, annaðhvort samdægurs eða mjög skömmu síðar. Edda hafi ekki verið þar á staðnum er vitnið skrifaði sem vottur á skjalið. Vitnið minnti að Edda hafi áður verið búin að undirrita skjalið. Vitnið minnti að skjalið hefði verið vélritað og meginmál þess örstutt, tvær eða þrjár línur, og skjalið hafi ekki borið með sér hver hefði samið efni þess. Undir meginmáli skjalsins hafi að því er vitnið minnti aðeins staðið

„vottar“, en ekki hafi verið þar um að ræða langa og flókna yfirlýsingu í þá veru sem tíðkist um arfleiðsluvottorð. Á þetta skjal kvaðst vitnið hafa ritað sem vottur ásamt móður sinni og eiginmanni sínum, en fram hafi komið að Edda óskaði þess að móðir vitnisins skrifaði einnig undir skjalið. Efni skjalsins hafi verið á þá leið að Edda arfleiddi varnaraðilja að öllum hlutabréfum sínum í Vífilfelli hf., Birni Ólafssyni hf. og ef til vill fleiri félögum. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því hvort skráin var rituð á löggiltan pappír. Vitnið kvað skjalið hafa orðið eftir á heimili móður sinnar. Nokkru síðar hafi Edda komið að máli við vitnið og spurt hvar borgarfégeta-embættið væri til húsa, því hún vildi leggja skrána sína inn. Hafi það orðið úr að vitnið fór með Eddu á skrifstofu embættisins, sem þá hafi verið til húsa við Skólavörðustíg. Þar hafi starfsmaður, sem vitnið mundi ekki hver hefði verið, tekið við skránni, en alla atburðarás í því sambandi mundi vitnið mjög óljóst. Þó kvaðst vitnið aldrei hafa fengið það á tilfinninguna í því sambandi að ekki væri allt í lagi með skrána og henni hafi verið veitt viðtaka þarna athugasemdalaust. Edda hafi þarna örugglega verið með erfðaskrá þá sem vitnið hafði áður vottað með þeim hætti sem lýst var. Vitnið kvaðst ekki geta komið því fyrir sig hvenær þetta hefði verið, hvort það hefði verið að sumar- eða vetrarlagi, né heldur hvort þetta hefði gerst fyrir eða eftir lát Ólafs, bróður Eddu. Eftir þetta hafi vitnið aldrei rætt neitt við Eddu um erfðamálefni. Edda hafi aldrei skýrt það fyrir vitninu hvers vegna hún hafi tekið þá ákvörðun sem fram kom í erfðaskránni eða tilefni þess að hún var gerð. Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt um að sú erfðaskrá sem vitnið hafði verið vottur á hefði verið afturkölluð eða eyðilögð.

Vitnið var spurt hvort það hefði treyst sér til að undirrita arfleiðsluvottorð á erfðaskrá sem Edda Björnsdóttir hefði gert, ef þar hefði staðið að Edda hefði lýst yfir að skráin hefði vilja hennar að geyma og verið heil heilsu andlega og líkamlega. Þeirri spurningu svaraði vitnið játandi og kvaðst telja Eddu hafa vitað hvað hún var að gera þegar hún gerði umrædda erfðaskrá, og gert sér grein fyrir þýðingu þeirrar ráðstöfunar sem í skránni fólst. Vitnið kvað Eddu hafa skynjað styrk sinn sem hluthafa í fyrirtækjunum og ef eitthvað var þá hafi hún ef til vill talið sig eiga þar meira en hún raunverulega átti.

Vitnið kvaðst ekki hafa sjálft rætt við Eddu um þá athugun sem fram fór á árinu 1977 á fjárreiðum Kristjáns Kjartanssonar hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf., en kvaðst telja víst að Edda hafi haft vitneskju um þá hluti vegna þess að hún hafi verið tíður gestur á skrifstofunum og rætt mikið við það fólk sem þátt tók í athugun á því máli. Kvaðst vitnið telja líklegt að það mál hafi átt sinn þátt í því að Edda gerði umrædda erfðaráðstöfun, þó svo að vitnið geti ekki fullyrt þetta.

Vitnið skýrði svo frá að það hefði komið til starfa hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf. á árinu 1977 í fullt starf og unnið samfellt til ársins 1981. Aðdragandi að því að vitnið fór aftur að vinna þarna hafi m.a. verið sá að orðrómur hafi verið á kreiki um einkaneyslu Kristjáns Kjartanssonar á kostnað félagsins, og hafi vitnið því óskað eftir því að fá að taka þarna til starfa vegna hagsmuna fjölskyldu vitnisins sem hluthafa í félaginu. Kvaðst vitnið hafa óskað eftir því við varnaraðilja að vitnið fengi að kanna þetta mál sérstaklega, en kvaðst ekki hafa rætt það við Kristján sjálfan. Hafi vitnið síðan unnið að þessari athugun um sumarið 1977, en endurskoðendur félagsins hafi þar hvergi nærri komið. Athugun þessari hafi lokið undir lok sama árs. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa sest niður sérstaklega með Eddu til að ræða við hana um þetta mál, en hún hafi fylgst lauslega með því engu að síður. Hún hafi spurt vitnið við og við um það og þá fengið þær upplýsingar um málið sem vitnið þá hafði.

Vitnið Kristbjörg Ólafsdóttir, Tómasarhaga 22, Reykjavík, fædd 7. júní 1952, er aðalbókari hjá Verksmiðjunni Vífilfelli hf. og starfaði á skrifstofu þess félags á árunum 1978 til 1980 og aftur frá 1983. Vitnið kvaðst hafa kynnst Eddu Björnsdóttur vegna starfa sinna hjá félaginu og oft rætt við hana á skrifstofum þess. Hafi þær eingöngu rætt um daginn og veginn en ekkert um persónuleg málefni hvor annarrar og þessi kynni ekki leitt til frekari samskipta þeirra í einkalífi. Edda hafi haft mjög fastmótaðar skoðanir á ýmsum málum og þá oft verið mjög dómhörð, en á ýmsum sviðum hafi hún verið barnaleg. Þannig hafi hún getað orðið afskaplega reið af litlu tilefni og þá ekki getað stillt sig eins og fólk almennt geri þótt það reidist. Afstaða hennar til ýmissa málefna hafi oft virst byggjast á tilfinningalegum sjónarmiðum fremur en að röksemdum væri beitt. Hún hafi verið sér þess vel meðvitandi að hún var einn af eigendum þessa fyrirtækis. Vitnið kvaðst ekki hafa merkt það að heilsufar Eddu breyttist neitt að ráði á árunum 1978 til 1980.

Vitnið Símon S. Wium, Víðihlíð 41, Reykjavík, fæddur 30. janúar 1946, starfaði sem bifreiðarstjóri í þágu Verksmiðjunnar Vífilfells hf. á árunum 1975 til 1978. Rak vitnið á þeim tíma eigin sendibifreið en starfaði að mestu í þágu þessa félags og kvaðst hafa komið daglega á skrifstofur félagsins í því sambandi. Kvaðst vitnið hafa kynnst Eddu talsvert í tengslum við þessa vinnu og útréttað ýmislegt fyrir hana. Edda hafi iðulega komið á skrifstofurnar til að fá sér kaffi og spjalla við stúlkurnar sem unnu á skrifstofunni, en hún hafi aldrei unnið nokkurn skapaðan hlut þarna, svo vitnið vissi til, nema hvað hún hafi stundum verið að telja peninga um miðjan daginn. Það hafi öllum verið ljóst sem þarna þekktu til að Edda var ekki heilbrigð og hún hafi verið meðhöndluð þarna í samræmi við það. Hún hafi verið talin „hysterísk“ og „vitlaus“ og henni verið lítið sinnt. Hún

hafi nánast verið eins og stór krakki. Hún hafi verið síkvertandi yfir að sér væri ekkert sinnt og hún virst fara í taugarnar á flestum. Hún hafi verið talin skritin og enginn litið á hana sem heilbrigða manneskju. Hún hafi verið eins og krakki bæði í tali og háttum. Þá kvað vitnið hafa borið talsvert á minnisleysi hjá henni eins og hún væri ekki með á nótunum um hluti sem ræddir hefðu verið við hana daginn áður.

Vitnið kvað vissan rígr hafa verið milli ýmissa aðilja á skrifstofu Vífilfells hf. og afstaða Eddu í því sambandi hafi breyst mjög mikið frá degi til dags. Einn var slæmur í dag en góður á morgun. Þeim rígr lýsti vitnið svo að um hafi verið að ræða eins konar valdatafl milli varnaraðilja og Kristjáns Kjartanssonar. Kvað vitnið Eddu lítt hafa blandast inn í þau mál, en um það leyti er vitnið hætti að starfa í þágu félagsins hafi verið búið að „troða í hana illum punktum um Kristján“, eins og vitnið orðaði það.

Vitnið Skúli Viðar Magnússon, Bústaðavegi 107, Reykjavík, fæddur 12. júní 1953, starfaði sem bifreiðarstjóri á vegum Verksmiðjunnar Vífilfells hf. og Þórðar Sveinssonar & Co. hf. á árunum 1972 til áramóta 1982/83. Fyrst í stað hafi hann verið starfsmaður Þórðar Sveinssonar & Co. hf., en í mars 1974 hafi þeirri skipan verið breytt og hann eftir það rekið eigin sendiferðabifreið en starfað í þágu umræddra félaga og fjölskyldna aðalhluthafanna. Kvaðst vitnið hafa kynnst Eddu Björnsdóttur í sambandi við þessi störf sín, einkum eftir að faðir hennar lést. Eftir lát Ólafs Björnssonar hafi Edda verið ein eftir í húseigninni að Hringbraut 10 og þurft á nokkurri aðstoð að halda og það komið í sinn hlut að veita henni talsverða aðstoð við ýmislegt, allt þar til hún féll frá.

Vitnið kvað Eddu hafa komið alloft á skrifstofur fyrirtækjanna, þó svo að hún hafi ekki haft neinu sérstöku hlutverki að gegna þar. Hún hafi auðsjáanlega verið einmana manneskja og sótt mikið í félagsskap á skrifstofurnar. Hafi öllum verið það ljóst að hún hafði ekki getu til að vinna neitt þar. Vitnið kvaðst oft hafa ekið henni og þá rætt við hana. Hún hafi oft og tíðum ekki virst vita um hvað hún var að tala og rætt um allt milli himins og jarðar. Hún hafi skipt oft um umræðuefni og ekki getað haldið uppi eðlilegum samræðum í samhengi um eitt málefni nema í stuttan tíma. Skapgerð hennar hafi verið þannig að hún gat verið glöð eina mínútuna og svo verið orðin reið á næstu mínútu. Á sama hátt hafi hún skipt um skoðun á mönnum og málefnum á mjög skömmum tíma og tekið fljótfrænislega afstöðu. Auðvelt hafi verið að fá hana til að breyta um skoðun á skömmum tíma.

Vitnið Bjarni Hannesson yfirlæknir, Lindarflöt 45, Garðakauptað, fæddur 21. febrúar 1938, er yfirlæknir við heila- og taugaskurðlækninga-deild Borgarspítalans í Reykjavík. Vitnið kvaðst fyrst hafa haft afskipti af Eddu Björnsdóttur 30. nóvember 1981, en um lýsingar á þeirri meðferð,

er Edda fékk við veikindum sínum hjá honum, vísast til kafla IV hér að framan. Kvaðst vitnið ekki geta dregið neinar ályktanir um andlega og líkamlega heilsuhagi Eddu Björnsdóttur í apríl 1978 af þeim gögnum, upplýsingum og vitneskju sem hann hefði í þessu sambandi yfir að ráða. Ekki kvaðst vitnið geta dæmt um hæfi Eddu til að gera sér fulla grein fyrir fjárhagslegri þýðingu ráðstafana þeirra sem um ræðir í erfðaskrá þeirri sem hér er fjallað um.

Vitnið kvað ástand Eddu hafa verið með þeim hætti, er hún var fyrst lögð inn til aðgerðar sem vitnið framkvæmdi, að hún hefði verið svo meðvitundarlítill að ekki hafi þá verið hægt að meta andlegt ástand hennar.

Vitnið dr. Þorbergur Guðmundur Óskar Þórðarson læknir, Vesturbrún 20, Reykjavík, fæddur 29. desember 1906, kvaðst hafa fengið Eddu Björnsdóttur fyrst til sín sem sjúkling árið 1953. Hún hafi þá verið send til hans til rannsóknar vegna höfuðverkja og ýmissa annarra óljósra einkenna frá höfði. Rannsókn hafi leitt í ljós að hún hafði alvarlegan sjúkdóm í höfði og hún hafi þess vegna verið send til Kaupmannahafnar á heilaskurðlækningadeild Ríkisspítalans þar. Hún hafi fengið töluverðan bata, og næstu 12 til 15 ár, sem vitnið hafi fylgst með henni, hafi hún verið við svipaða heilsu, nema hvað hún hafi nokkrum sinnum þurft að fara utan í endurteknar aðgerðir, en hún hafi ekki fengið neina aðra sjúkdóma og ástand hennar verið ósköp líkt öll þau ár sem vitnið fylgdist með henni.

Vitnið kvað Eddu hafa verið nítján ára er hún fyrst kom til vitnisins og hafi hún hvorki verið búin að ná andlegum né líkamlegum þroska. Hún hafi verið „infantil“ líkamlega og hennar andlegi þroski hafi að álitni vitnisins verið á við tíu eða tólf ára gamalt barn og það ekkert breyst eftir þetta. Vitnið kvaðst hafa hætt afskiptum af Eddu um 1970 og ekkert fylgst með henni eftir þetta.

Vitnið Guðjón Lárusson, Smáraflöt 49, læknir, Garðakaupstað, hafði fyrst afskipti af Eddu Björnsdóttur í september 1976. Um hafi verið að ræða afleiðingar af uppskurðum við heilaæxli og röntgenmeðferð sem Edda hafði fengið við heilaæxli. Af þessum sökum hafi hana skort vissa hormóna, þá hormóna sem heiladingullinn framleiðir, og vegna þessa hafi aðrir kirtlar í líkamanum ekki starfað. Hún hafi verið í meðferð vegna þessa. Afleiðingar af þessu muni hafa verið krampar og vegna þeirra hafi hún orðið að taka krampalyf. Af þessum sjúkdómum hafi hún ekki læknað og því verið háð lyfjum vegna þeirra. Vitnið kvaðst halda að hún hafi fengið eitthvert form af liðagigt kringum 1979 og síðar nýtt heilaæxli. Kvað vitnið auðvelt að bæta þann hormónaskort sem þessum aðgerðum hafi fylgt. Hins vegar hafi Edda aldrei verið látin taka inn kynhormónalyf og skortur á þeim hafi henni því aldrei verið bættur. Líkamlegt ástand hennar hafi verið þannig að hún var ekki kynþroska, en einnig megi vera að hún

hafi liðið á einhvern hátt fyrir eftirstöðvar af uppskurðunum og röntgenmeðferð sem hún fékk. Vitnið kvaðst ekki hafa gert úttekt á andlegu ástandi Eddu, enda aldrei um það beðinn. Hún hafi fyrst og fremst verið hjá vitninu vegna hormónameðferðar. Vitnið kvaðst telja að Edda hafi verið andlega takmörkuð og að hún hafi verið „tilfinningalega mjög viðkvæm og óstabil“. Vitnið kvaðst telja að Edda hafi á sumum sviðum haft allgóða greind, en hún hafi verið tilfinningalega erfið og mjög háð.

Vitnið var spurt hvort það teldi Eddu hafa verið hæfa andlega til að gera sér fulla grein fyrir fjárhagslegri þýðingu þeirra ráðstafana sem getið er um í erfðaskrá þeirri sem um er deilt í máli þessu. Vitnið kvaðst ekki vera sálfræðingur né geðlæknir og því ekki geta svarað þessu læknisfræðilega. Persónulegri skoðun sinni á þessu lýsti vitnið þannig: „Ég held persónulega að Edda hafi getað ... ráðstafað sínum hlutum, hún hefði getað gefið gjafir, eins og kommóður eða bækur eða eitthvað slíkt, en ég held að hún hafi ekki verið fær um að taka ákvarðanir um þvilíka fjármuni eins og ég ímynda mér að séu í húfi þarna og ég held að ef hún hefði það eða hefði getað það, þá hefði nú faðir hennar ekki þurft að gera þennan fyrirvara sem hann gerði um hana, þá hefði hún verið fær um að fara út á vinnumarkað og sjá um sig sjálf, ef það hefði verið, vegna þess að líkamlega var hún það.“

Vitnið Sigurður Þ. Guðmundsson læknir, Barðaströnd 1, Seltjarnarnesi, fæddur 25. júní 1930, kvaðst hafa þekkt Eddu Björnsdóttur persónulega frá því þau voru á barnsaldri. Hafi vitnið hitt Eddu alloft á förnum vegi og spjallað við hana, oftast til að forvitnast um það hvernig hún hefði það. Á árunum frá 1970 og fram undir andlát Eddu hafi þau eingöngu hist af tilviljun, oftast þegar vitnið var við innkaup í matvöruverslun sem Edda verslaði við. Þau hafi átt við þessi tækifæri „yfirborðsleg kunningjasamtöl“. Af kynnum sínum við Eddu kvaðst vitnið sig hiklaust geta fullyrt að andleg heilsa hennar hafi verið slík að hún hafi verið fær um að ráðstafa eignum sínum á skynsamlegan hátt með erfðaskrá. Vitnið kvað sér hafa verið kunnugt um hver veikindi Edda hafi átt við að stríða, þó svo að vitnið hafi ekki vitað í smáatriðum um það hverjar aðgerðir hún hefði gengist undir.

VII

Af hálfu sóknaraðiljans Iðunnar Björnsdóttur hefur verið lögð fram á dskj. nr. 29 álitserð Sverris Bergmann læknis um heilsufarshagi Eddu Björnsdóttur með sérstöku tilliti til ársins 1978. Er álitserð þessi tekin saman eftir fyrirbyggjandi gögnum í máli þessu, en fram kemur í álitserðinni að læknirinn hafði aldrei afskipti af Eddu Björnsdóttur vegna veikinda hennar og tók aldrei þátt í ákvörðunum um meðferð þeirra. Álitserð þessi

er dagsett 28. september 1986 og er niðurstaða hennar sú að „Edda Björnsdóttir hafi á árinu 1978 búið við slíka skerðingu á andlegri getu vegna skemmda í lobi frontalis og dominant lobus temporalis að hún hafi verið ófær um, bæði greindarlega og tilfinningalega, að gera mikilvæga erfðaskráráðstöfun með skynsamlegum hætti. Ég tel að andleg heilsa hennar hafi á þessum tíma í ljósi allra upplýsinga verið með þeim hætti að hún hefði annaðhvort enga ákvörðun tekið sjálfstætt og hjálparlaust eða þá ein tekið fljótfernislega (impulsiva) ákvörðun, þar sem eðli málsins samkvæmt liggur ekki að baki sú athugun á öllum hliðum máls sem teljast verður undirstaða skynsamlegrar (þótt einstaklingsbundin sé) ákvörðunar.“ Sverrir Bergmann kom fyrir dóminn og staðfesti álitserð sína.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið lögð fram á dskj. nr. 30 álitserð Tómasar Zoega læknis um heilsufar Eddu Björnsdóttur og andlegt ástand hennar og hæfni til að gera erfðaskrá í apríl 1978. Er álitserð þessi tekin saman eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu. Niðurstaða þeirrar álitserðar er svohljóðandi: „Eftir nákvæman lestur og mat á sjúkraskrá og vitnisburði er það álit undirritaðs að það sé ekkert sem bendi til þess að Edda Björnsdóttir hafi ekki verið fullfær frá læknisfræðilegu sjónarmiði um að gera fullgilda erfðaskrá hinn 3. apríl 1978.“ Tómas Zoega læknir kom fyrir réttinn og staðfesti álitserð sína.

Álitserðir þessar eru samdar að tilhlutan áðurgreindra aðilja málsins sjálfra og eru þar reifaðar læknaskýrslur, efni framburðaraðilja og vitna og önnur málsgögn, sem rakin hafa verið hér að framan, og verður efni eða framsetning þessara álitserða því ekki rakin frekar.

VIII

Samkvæmt 40. gr. erfðalaga nr. 8/1962 skal erfðaskrá vera skrifleg og skal arfleiddandi undirrita hana eða kannast við undirritun sína fyrir notario publico eða tveimur vottum. Í opnu bréfi frá 8. janúar 1823 um testamenti og notarialgerðir er í grein 7 meðal annars svofellt ákvæði: „Undir ströngustu embættisábyrgð sé notario uppálagt sjálfum að framkvæma þau verk og meðtaka þær skýrslur, um hverjar hann ber vitni.“ Grein 8 í sömu lagafyrirmælum er svohljóðandi: „Loksins ber notario til alls er honum viðkemur að framkvæma, framvegis tvö vitni til staðfestingar að brúka.“ Því var lýst yfir af hálfu sóknaraðilja við munnlegan máflutning að hvorki væri á því byggt að sá embættismaður sem með notarialgerð staðfesti erfðaskrá Eddu Björnsdóttur, dskj. nr. 9, hinn 3. apríl 1978 hafi ekki verið hæfur til þess starfa né að hann hafi ekki gegnt starfi sem fulltrúi notarii publici í Reykjavík á þeim tíma sem sú gerð fór fram. Ekki væru heldur bornar brigður á að hann hafi sjálfur undirritað notarialvottorðið á erfðaskrána á dskj. nr. 9 hinn 3. apríl 1978. Ekki er ráðgert í erfðalögum né öðrum

réttarheimildum að notarialvottum beri að votta um þau atriði sem notarius á að ganga úr skugga um við notarialstaðfestinguna. Samkvæmt þessu og með vísan til greinar 8 í áðurnefndu opnu bréfi verður að telja að hlutverk notarialvottanna við slíkar gerðir sé ekki annað en að votta að viðkomandi notarius hafi framkvæmt notarialgerðina. Með því að ekki er um það deilt í málinu að Jónas Thoroddsen hafi framkvæmt þá notarialgerð sem fólst í áritun hans á erfðaskrána á dskj. nr. 9 verður ekki talið skipta máli um gildi notarialvottorðsins hvort notarialvottarnir voru raunverulega viðstaddir gerðina sjálfa eða ekki, en ljóst er af vætti vottanna að þeir muna ekkert eftir atvikum við undirritun sína á þá erfðaskrá sem hér um ræðir.

Um sönnunargildi notarialvottorðsins gilda reglur 158. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, en samkvæmt því ber að líta svo á að leggja skuli vottorðið til grundvallar niðurstöðu um arfleidsluhæfi Eddu Björnsdóttur að því leyti sem vottorðið fjallar um það efni, nema sannað þyki með öðrum gögnum að andlegt ástand hennar hafi verið slíkt að hún hafi verið ófær um að gera slíka ráðstöfun með skynsamlegum hætti og að notarius hafi ekki haft tök á að sannreyna öll þau atriði sem áreiðanleiki mats um þetta atriði var undir kominn.

Í notarialvottorðinu segir að Edda Björnsdóttir hafi lagt skrána fram af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði og lýst því yfir að skráin hefði vilja sinn að geyma. Að því er varðar andlegt hæfi arfleidandans kemur hér til skýringar hvað felist í orðalaginu „með fullu ráði“. Fallast má á það með sóknaraðiljum að þetta orðalag sé ekki heppilegt eða beinskeytt um andlegt ástand þess sem vitnað er um. Sá fulltrúi notarii publici í Reykjavík sem staðfesti hina umdeildu erfðaskrá, Jónas Thoroddsen, var látinn áður en til rekstrar máls þessa kom. Hann hafði margra áratuga reynslu sem notarius publicus og sem skiptaráðandi, bæði starfandi við borgarfégetaembættið í Reykjavík og sem bæjarfógeti utan Reykjavíkur. Texti þess notarialvottorðs sem hér um ræðir er að þessu leyti nákvæmlega hinn sami og Jónas Thoroddsen notaði sem fulltrúi notarii publici í Reykjavík á fjölmargar aðrar erfðaskrár sem hann notarialstaðfesti, bæði fyrir og eftir að þessi tiltekna erfðaskrá var staðfest. Verður að telja það eðlilegasta skýringu þessa orðalags að notarius hafi ekki getað séð annað, er staðfesting erfðaskrárinnar fór fram hinn 3. apríl 1978, en að arfleidandinn, Edda Björnsdóttir, væri andlega í því ástandi að ekkert væri því til fyrirstöðu að hún ráðstafaði þeim eignum sem hún þá gerði með erfðaskrá. Verður það því lagt til grundvallar niðurstöðu í málinu að fulltrúi notarii publici hafi talið Eddu Björnsdóttur uppfylla skilyrði 2. mgr. 34. gr. erfðalaga um arfleidsluhæfi er erfðaskráin var staðfest hinn 3. apríl 1978 og að áritun hans um það efni á skrána hafi verið fullnægjandi. Af þessu leiðir samkvæmt 158. gr. laga nr. 85/1936 að á sóknaraðiljum hvílir sönnunar-

byrði um þá staðhæfingu að Edda Björnsdóttir hafi vegna andlegrar skerðingar ekki verið hæf til að gera þá erfðaskrá er hún gerði 3. apríl 1978 og að notarius publicus hafi ekki getað gert sér grein fyrir þeirri staðreynd.

Hinir sérfróðu meðdómendur telja þær aðgerðir sem Edda Björnsdóttir gekkst undir fyrir gerð erfðaskrárinnar á dskj. nr. 9 og rækilega hefur verið lýst ekki hafa verið þess eðlis að þær hafi sjálfkrafa leitt til svo víðtækrar andlegrar skerðingar að Edda yrði óhæf til að ráðstafa eignum sínum á skynsamlegan hátt með erfðaskrá. Þeir telja að með aðgerðunum á árunum 1953 - 1958 og jafnhliða geislameðferð hafi tekist að lækna Eddu af æxli því sem fram hafði komið í höfði hennar. Geislunin hafi hins vegar verið svo mikil að hún hafi hægt á frekari andlegum þroska hennar. Jafnframt telja þeir víst að sjónsvið hennar hafi skerst og sömuleiðis lyktarkyn. Þá hafi tekið að bera á krömpum sem hún hafi þurft að taka lyf við reglulega eftir 1960. Ekki hafi orðið vart mænuvökvaleka eftir 1964. Verði að telja víst að eftir þessar aðgerðir hafi Edda jafnframt haft nokkuð skerta getu til einbeitingar, til stjórnar á skapsmunum og til að muna nýlega afstaðna atburði. Þeirri starfsemi sem heiladingullinn stjórnar hafi verið unnt að stjórna vandkvæðalítið eftir þetta með lyfjagjöf.

Hinir sérfróðu meðdómendur telja að ekkert verði fullyrt um það eftir fyrirbyggjandi gögnum að það heilæxli, sem síðar kom fram og Edda Björnsdóttir var skorin upp við á árunum 1981 og 1982, hafi verið tekið að gera vart við sig 3. apríl 1978 í þeim mæli að áhrif hafi haft á andlega heilsu hennar. Ekki verður heldur fullyrt að það hafi stafað af afleiðingum geislunar er framkvæmd var á árunum 1953 - 1958, þótt það sé ekki útilokað.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða réttarins að ósannað þykir að Edda Björnsdóttir hafi vegna skurðaðgerða fyrir gerð erfðaskrárinnar og eftirfarandi meðferðar orðið svo skert andlega að hún hafi verið óhæf til að gera með skynsamlegum hætti þá erfðaskrá er hún gerði hinn 3. apríl 1978. Einnig þykir ósannað að heilsuhagur Eddu Björnsdóttur hafi að öðru leyti þróast svo frá þeim tíma að þessar aðgerðir voru framkvæmdar og til þess tíma er hún gerði erfðaskrána að hún væri þeirra hluta vegna óhæf til slíkrar ráðstöfunar. Þá þykir enn fremur ósannað að hinn 3. apríl 1978 hafi nýtt heilæxli verið farið að myndast eða farið að hafa þau áhrif á andlega heilsu hennar að hún teljist hafa verið óhæf til þessarar ráðstöfunar.

Dómendur telja það ekki verða ráðið af efni erfðaráðstöfunarinnar að arfleidandi hafi verið óhæfur til að gera slíka ráðstöfun með skynsamlegum hætti.

Dómendur telja ljóst af gögnum málsins að Edda Björnsdóttir hafi verið andlega talsvert skert, en þó hefði hún mátt ná meiri bata á því sviði ef hún hefði notið meiri og betri endurhæfingar en raun varð á eftir fyrstu

aðgerðirnar sem hún gekkst undir. Góð greind hennar og skólaganga hefðu þrátt fyrir veikindi hennar átt að geta orðið undirstaða undir slíka endurhæfingu. Þess í stað var þannig búið að henni að hún þyrfti ekkert að hafa fyrir lífinu og aðrir látnir sjá henni fyrir öllu. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til að Edda hafi átt við geðveiki að stríða, svo sem ofskynjanir, ranghugmyndir eða maniu. Af framburðum málsaðilja og vitna þykir mega ráða að Edda hafi ávallt skynjað mátt sinn sem hluthafa og stjórnarmanns í hlutafélögum fjölskyldunnar, en þar skiptir aðild að Verksmiðjunni Vífilfelli hf. höfuðmáli. Átti Edda heitin sæti í stjórn þess félags og hlaut frá því allan eyðslueyri sinn. Er það niðurstaða réttarins að Eddu hafi verið það ljóst, er hún gerði erfðaskrána 3. apríl 1978, að hún væri með því að arfleiða varnaraðilja að eignarhluta sínum í þeim félögum sem þar eru greind. Hins vegar telur rétturinn að Edda hafi ekki getað gert sér grein fyrir verðmæti hlutabréfaeignar sinnar í félögunum og ekki heldur hvernig umrædd ráðstöfun hennar orkaði á innbyrðis skiptingu hlutabréfa innan félaganna eða öll tilbrigði um mögulega samsetningu meiri hluta stjórnanna innan þeirra. Ljóst þykir að verði erfðaskráin metin gild verður varnaraðili eigandi að 50% hlutafjár í Birni Ólafssyni hf., en það félag á aftur u.þ.b. 50% í Verksmiðjunni Vífilfelli hf. Þannig er og ljóst að verði erfðaskráin metin ógild, munu sóknaraðiljar samtals eignast meirihluta hlutafjár í Birni Ólafssyni hf. og þar með geta þeir í sameiningu náð að fara með atkvæði þess hlutafélags í stjórn Verksmiðjunnar Vífilfells hf. Til að gefa hugmynd um þá hagsmuni sem hér er um að ræða, kom það fram við munnlegan málf lutning í málinu að aðiljar eru sammála um að bókfærð hrein eign þeirra hlutafélaga sem hér um ræðir hafi í árslok 1985 numið samtals um það bil 158 milljónum króna. Má telja líklegt að raunverulegt verðmæti félaganna nemi hærri fjárhæð.

Það er talin meginregla í íslenskum erfðarétti að til þess að erfðaskrá geti talist gild, þurfi arfleiddandi að hafa getað gert sér grein fyrir efni gerningsins og að hafa haft yfirsýn yfir þær forsendur sem ákvörðun hans um arfleiðsluna byggist á. Kemur þá til skoðunar hvort sú staðreynd, að Edda hafi ekki getað gert sér grein fyrir verðmæti hlutabréfa sinna og ekki heldur haft yfirsýn yfir öll þau hugsanlegu tilbrigði um skiptingu hlutafjár í umræddum hlutafélögum, sem arfleiðslugerningi hennar gætu fylgt, eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu að meta beri erfðaskrána ógilda. Er það niðurstaða réttarins að svo víðtækar kröfur verði ekki gerðar um yfirsýn arfleiddanda yfir afleiðingar arfleiðslugernings samkvæmt gildandi lögum, enda væri þá á fárra manna færi að teljast arfleiðsluhæfur um hlutabréf í stærri atvinnufyrirtækjum. Þar sem ljóst þykir að Edda Björnsdóttir hafi gert sér fulla grein fyrir því að með erfðaskránni væri hún að tryggja það að varnaraðili fengi að henni látinni einn eignarráð að eignarhlutum hennar í þeim

hlutafélögum sem nefnd eru í erfðaskránni og hún þekkti mætavel, verður ekki fallist á það með sóknaraðiljum að erfðaskráin verði metin ógild vegna gagnstæðra sjónarmiða í þessu efni.

Sóknaraðiljar þykja ekki hafa leitt haldbær rök að staðhæfingum sínum um að erfðaskráin á dskj. nr. 9 hafi orðið til vegna misneytingar eða vegna þess að Edda Björnsdóttir hafi verið fengin til þess með fortölum að gera skrána. Engar sannanir hafa komið fram sem renna stóðum undir kenningar þeirra um að Edda hafi haft „beyg af valdi“ varnaraðilja eða talið sig háða honum um afkomu sína. Ekki hafa heldur verið færðar fyrir því neins konar sannanir að hann eða aðrir, sem ef til vill hefðu haft til þess aðstöðu, hafi reynt að hafa áhrif á hana til að gera erfðaskrá eða um það hvernig hún skyldi ráðstafa eignum sínum. Verður erfðaskráin því ekki metin ógild á grundvelli 37. gr. eða 38. gr. erfðalaga, enda er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að erfðaskráin hafi orðið annars efnis en ætlast var til af arfleiddanda, enda er um vilja arfleiddandans vottað í notarialvottorðinu á erfðaskránni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það niðurstaða máls þessa að hafnað er kröfum sóknaraðilja í málinu. Af því leiðir að krafa varnaraðilja um að erfðaskráin á dskj. nr. 9 skuli metin gild er tekin til greina.

Með því að deilt er um veruleg vafaatriði í máli þessu þykir hæfilegt með hliðsjón af ákvæðum 178. gr. laga nr. 85/1936 að leggja á sóknaraðiljana hvorn um sig að greiða varnaraðilja kr. 250.000,00 í málskostnað.

Úrskurð þennan kváðu upp Ragnar Halldór Hall borgarfégeti sem dómsformaður og meðdómendurnir Kristinn Guðmundsson, yfirlæknir og sérfræðingur í heila- og taugaskurðlækningum, og dr. med. Lárus Helgason, yfirlæknir og sérfræðingur í geðlæknisfræði.

Meðferð máls þessa hefur dregist nokkuð. Stafar það einkum af því að gagnaöflun hefur reynst mjög tafsöm, auk þess sem stundum reyndist erfitt að samræma tíma allra viðkomandi aðilja til þinghalds, þar sem munnlegar skýrslur voru teknar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu er hafnað. Erfðaskrá sú sem Edda Björnsdóttir undirritaði í viðurvist notarii publici í Reykjavík hinn 3. apríl 1978 er metin gild.

Sóknaraðiljar, Iðunn Björnsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir Seager, greiði hvor um sig varnaraðilja, Pétri Björnssyni, kr. 250.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.